



Ársskýrsla

Sambands sveitarfélaga
á Austurlandi 2018





*Fulltrúar á aðalfundi SSA 7.-8. september 2018.
Mynd: Andrés Skúlason*

Efnisyfirlit

Dagskrá aðalfundar	2
Ávarp formanns	4
Skýrsla stjórnar	10
Fundargerð aðalfundar	16
Fundargerð aukaaðalfundar	46
Ársreikningur	50
Heiðursgestur SSA	64
Menningarverðlaun	65

52. aðalfundur SSA

haldinn á Hallormsstað 7.-8. september 2018

Föstudagur 7. september

- 09:00 Skráning og afhending gagna
09:30 Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara
Ávarp formanns SSA
Kynning á ársreikningi 2017, fjárhagsáætlun 2019 og endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2018.
Tillögum frá stjórn og aðalfundarfulltrúum vísað til nefnda.
Tillögum að breytingum á samþykktum vísað til allsherjar- og samstarfsnefndar.
- 10:10 Svæðisskipulag Austurlands
Skarphéðinn Smári Þórhallsson, verkefnastjóri
- 10:30 SvAust – Almennings-samgöngur á Austurlandi
Jódis Skúladóttir, verkefnastjóri
- 10:45 Kaffihlé
10:55 Austurbrú- kynning
Starfsemi Austurbrúar
Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri
Áfangastaðurinn Austurland
María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri
Menningarfulltrúi Austurlands
Signý Ormarsdóttir, verkefnastjóri
- 11:55 Umræður og fyrirspurnir um ofangreind erindi
12:15 Hádegisverður
13:00 Ávörp
Þingmaður kjördæmisins
Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 3. þingmaður
Samband íslenskra sveitarfélaga
Karl Björnsson, framkvæmdastjóri
Sóknaráætlun og tenging við byggðaáætlun
Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu
- 13:55 Kjörbréfanefnd og nefndanefnd
14:05 Millipinganefnd
Millipinganefnd skýrir tillögur sínar um stjórnunarfyrirkomulag og samstarf við Austurbrú.
Umræður
15:00 Kaffihlé
15:15 Nefndastörf/ályktanir
17:30 Dagskrá heimamanna, hátíðarkvöldverður, ávarp heiðursgests og afhending menningarverðlauna SSA



Laugardagur 8. september

- 09:00 Afgreiðsla mála
Skýrsla stjórnar
Ársreikningur SSA 2017
Endurskoðuð fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2018
Fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2019
Nefndaálit og tillögur:
Byggða- og atvinnumálanefnd
Allsherjar- og samstarfsnefnd
Mennta- og menningarmálanefnd
Umhverfis- og samgöngunefnd
Fjárhagsnefnd
Kjörnefnd
Lagabreytingar/Breytingar á samþykktum
Fundi slitið – Myndataka/Hádegisverður
- 12:00

Ávarp formanns

flutt á aðalfundi 2018

Þingmenn, sveitarstjórnarfolk, góðir gestir.

Ég býð ykkur velkomin á fimmtugasta og annan aðalfund Sambands sveitarfélaga á Austurlandi sem nú er haldinn á Hallormsstað.

Sérstaklega býð ég nýkjörna fulltrúa í sveitarstjórnnum velkomna, en 23 af 47 fulltrúum í 7 sveitarfélögum á Austurlandi tóku sæti eftir kosningarnar í maí.

Það þýðir að tæplega helmingur kjörinna fulltrúa er nýr á þessum vettvangi, þó reyndar megi finna dæmi þess að fólk hafi komið aftur til starfa í sveitarstjórnnum eftir hlé. 57% fulltrúa á Austurlandi eru karlar og 43% konur. Það hallar því nokkuð á konur í sveitarstjórnnum hér og aðeins tvær konur gegna starfi sveitarstjóra á móti fimm körlum. Sveitarfélögum á Austurlandi hefur fækkað um eitt síðan við funduðum síðasta haust, en þann 10. júní sl. sameinuðust Breiðdalshreppur og Fjarðabyggð að undangenginni kosningu meðal íbúa þar sem sameiningin var samþykkt með afgerandi meirihluta greiddra atkvæða. Ljóst var orðið að Breiðdalshreppur átti undir högg að sækja og til að styrkja mætti byggðina þótti einsýnt að heppilegra væri að sameinast öðru sveitarfélagi. Ég vil nota tækifærið og þakka kjörnum fulltrúum í Breiðdalshreppi gott samstarf.

Liðið starfsár hefur annars markast nokkuð af kosningum; fyrst kosningum til Alþingis í október og svo sveitarstjórnarkosningum í maí sl. Það hefur þýtt að hlutir hafa gengið hægt fyrir sig; samskipti við þingmenn og ráðherra hafa verið með minna móti og starfsemi landshlutasamtaka markast af því að verið er að kjósa nýtt fólk til forystu í landshlutunum.

Þar sem svo margir nýir fulltrúar sitja nú fundinn vil ég stuttlega fara yfir starfsemi SSA, Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, en ítarlegra yfirlit yfir starfsemina er að finna í ársskýrslunni sem þið hafið fengið sem fundargagn og þar er m.a. skýrsla stjórnar. Það er nauðsynlegt að kjörnir fulltrúar átti sig á því hlutverki sem samtökin gegna og hvaða verkefni heyra til þeirra.

Meginmarkmið SSA er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á svæðinu og vinna að framgangi ýmissa mála á vettvangi þeirra. SSA skal vinna að því að auka jöfnuð milli landshluta þannig að íbúar á Austurlandi hafi jafn góðan aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun, menningu og aðrir landsmenn og tryggja að íbúar borgi það sama fyrir vörur og orku og íbúar annars staðar á landinu. Auk þess eiga samtökin að stuðla að aukinni þekkingu sveitarstjórnarfólks og hafa forgöngu um byggðaverkefni.



Sigrún Blöndal, formaður SSA

Landshlutasamtök sveitarfélaga eru alls 8 og hafa náð samstarf þó starfsemi þeirra sem mismunandi eftir svæðum. Meðal þeirra mála sem unnið hefur verið með á þessum vettvangi eru almenningssamgöngur, ljósleiðaravæðing, framkvæmd sóknaráætlana, samgöngumál, heilbrigðismál og raforkumál svo eitthvað sé nefnt.

Hvar og hvernig vinnur SSA að framgangi mála? Mikilvægt er að hafa góð og tíð samskipti við þingmenn og ráðuneyti, sömuleiðis stofnanir ríkisins og starfsmenn þeirra. Veittar eru umsagnir um mál frá Alþingi, ýmsar áætlanir s.s. Byggðaáætlun, Samgönguáætlun og svo mætti lengi telja. Auk þess er verkefni landshlutasamtaka að kalla sveitarstjórnarfolk saman til umfjöllunar um hin ýmsu mál.

Ríkisvaldið veitir fjármagni til ákveðinna verkefna sem landshlutasamtökin ýmist framkvæma

sjálf eða gera samninga við aðra um að framkvæma. Vegagerðin gerir samninga við SSA um almenningssamgöngur, ráðuneyti gera samninga við SSA um framkvæmd sóknaráætlunar og SSA hefur gert verksamninga við Austurbrú um framkvæmd flestra verkefna sem falla undir Sóknaráætlun.

Greinilegur vilji er hjá ráðuneytum til að veita fjármagni í þennan farveg, þannig að landshlutar ráðstafi fjármagni til ákveðinna hluta og er að vissu leyti skiljanlegt þar sem sveitarfélög eru mörg og misstór. Við heyrum þó líka efasemdaraddir um að þetta sé heppilegt fyrirkomulag þar sem sveitarstjórnarstigið sé ekki nægilega faglega sterkt og náðin og fámennið geri það að verkum að ekki sé hægt að tryggja hlutlausu úthutun fjármuna.

Þetta hefur m.a. birst í mjög ströngum hæfiskröfum til fagaráða og úthlutunarstjórnar Uppbyggingarsjóða. Þetta hefur óneitanlega reynst áskorun hér á Austurlandi þar sem þeir sem eru faglega vel til þess fallnir að meta umsóknir í samkeppnisjóðinn eru jafnframt afar líklegir til að vilja sækja í sjóðinn. Því hefur þurft að skipta nokkuð oft um fulltrúa í fagaráðum og úthlutunarstjórn Uppbyggingarsjóðs Austurland og jafnvel leita út fyrir landshlutann. Síðast þegar skipta þurfti út fulltrúum

var leitað eftir tilnefningum til nokkurra stofnana samkvæmt þeim starfsreglum sem SSA hefur sett sér og samþykktar hafa verið af ráðuneyti sveitarstjórnarmála.

Formaður úthlutunarstjórnar síðastliðin tvö ár var Eiríkur Hilmarsson sem lést í ágúst. Hann reyndist afar farsæll formaður og vann m.a. að endurskoðun úthlutunarreglna og lagði margt gott til varðandi verkferla, enda afburðamaður með mikla reynslu og þekkingu á mörgum sviðum. Ég bið ykkur að minnast Eiríks Hilmarssonar með því að standa á fætur.

Vinna fagaráða og úthlutunarstjórnar hefur reynst viðamikil en laun ekki í samræmi við það. Landshlutasamtökin hafa öll rekið sig á þetta og séð nauðsyn þess að hækka laun fyrir þessa vinnu ef einhverjir eiga að fást til að taka verkefnið að sér en það er dálaglegur stabbi sem fulltrúar þurfa að lesa sig í gegnum þegar umsóknir eru á annað hundrað og vanda þarf til rökstuðnings þegar valin eru verkefni sem hljóta styrk.

Á síðasta aðalfundi var lögð fram tillaga varðandi stjórnunar fyrirkomulag SSA og tengsl við Austurbrú. Niðurstaða fundarins var að skipuð skyldi milliþinganevnd sem myndi starfa fram að næsta aðalfundi og kynna þar tillögur varðandi

stjórnunarfyrirkomulag og tengsl við Austurbrú. Fulltrúar í nefndinni munu síðar í dag kynna tillögurnar en þau hafa leitað álits margra aðila og farið ítarlega yfir málið. Nefndin kynnti stjórnnum SSA og Austurbrúar vinnuna og tillögur sínar í byrjun júní. Nefndin kom aftur fyrir stjórn SSA í ágúst og í gær mætti nefndin til stjórnar Austurbrúar. Það er afar mikilvægt að landshlutasamtökin, sem fá fjármagn til ákveðinna verkefna, tryggja það að umsýsla peninganna og allir samningar séu hafnir yfir allan vafa og hvar ábyrgðin liggur.

Í vor var loksins gengið formlega frá yfirfærslu á umsýslu með rekstri almenningssamgangna á Austurlandi til einkahlutafélagsins SvAust sem er í 100% eigu SSA. Sérstök stjórn er yfir félaginu en í henni sitja Einar Már Sigurðarson formaður sem tók við af Páli Björgvini Guðmundssyni, bæjarstjóra í Fjarðabyggð, þegar Páll lét af störfum, Björn Ingimarsson bæjarstjóri og Jóney Jónsdóttir verkefnastjóri sveitarstjórnarmála. Ráðinn var starfsmaður, Jódís Skúladóttir, í hálfu starfi en Jódís mun kynna okkur verkefnið og stöðu þess í dag.

Stærsta áskorun okkar varðandi almenningssamgöngurnar eru helst tvær; annars vegar dómsmál staðið hefur yfir frá 2012 þegar Sterna ehf/Bílar og fólk stefndu SSA til greiðslu skaða-



bóta vegna skaða sem fyrirtækið taldi sig hafa orðið fyrir í kjölfar lögbanns sem SSA fékk sett á akstur Sternu á leið og SSA taldi sig hafa einkaleyfi á. Ég ætla mér ekki að rekja sögu dómsmálsins en leyfi mér að fullyrða að þeir sem taka sæti í nýrri stjórn munu áreiðanlega fá að heyra ítarlega um málið. Staðan núna er þannig að sóknaraðili, þ.e. Sterna ehf., hefur óskað eftir álitum yfirmatsmanns og er það þriðja matsgerðin sem óskað er eftir í málinu. Skaðabótakrafa á hendur SSA hefur farið úr 467 milljónum í 589 en eftir síðustu matsgerðina var hámarksskaðabótakrafa úrskurðuð 64 milljónir. Margsinnis hefur verið rætt við fulltrúa Vegagerðarinnar og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis - áður Innanríkisráðuneytis - vegna málsins auk þess sem Vegagerðinni hefur verið stefnt inn í málið. Lögfræðingar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa reynst okkur afar vel í ferlinu og fyrir það erum við þakklát.

Samningar vegna almennings-samgangna renna út í árslok 2018 og hafa öll landshlutasamtökin sagt samningunum upp þar sem ýmis forsendubrestur er talinn á samningunum, verulegur hallarekstur á sumum rekstrarsvæðum og laga-umgjörðin lengi vel óskýr.

Ljóst er að framundan eru viðræður og vinna vegna þessa verkefnis sem landshlutasamtökin eru mjög samtaka um standa saman í.

Eitt áhersluverkefna sóknaráætlunar hjá SSA er vinna við svæðisskipulag Austurlands. Stjórn hafði lengi rætt hve mikilvægt það væri að við fengjum heildstæða mynd af svæðinu og gætum í sameiningu unnið skipulagsáætlun sem tæki til allra sveitarfélaga á Austurlandi sem landfræðilegrar, hagrænnar og félagslegrar heildar. Í svæðisskipulagi er sett fram stefna viðkomandi sveitarfélaga um sameiginlega hagsmuni, s.s.

byggðapróun, samgöngur, náttúru, menningu, auðlindir og þjónustu. Skarphéðinn Smári Þórhallsson, verkefnisstjóri svæðisskipulags mun kynna okkur stöðu verkefnisins á eftir en þegar hefur verið skipað í nýja svæðisskipulagsnefnd sem fundar fljótlega.

Og hver eru svo verkefni og áskoranir kjörinna fulltrúa á Austurlandi næstu fjögur ár?

Það sem kjörnir fulltrúar verða ávallt að hafa í huga er að hlutirnir gerast ekki yfir nótt!

Málin vilja dragast á langinn – eins og fundargerðir og ályktanir aðalfunda sýna því miður berlega. Áriðandi mál eins uppbygging flugvallarins á Egilsstöðum hafa komið fyrir ár eftir ár, bæði í umræðum á aðalfundum og ályktunum. Við vitum hvernig við stöndum í dag.

Íbúafjölgun er 3,7% milli ára á móti 52% fjölgun á Suðurnesjum! Góðu fréttirnar eru þó að okkur fækkar ekki líkt og er að gerast á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum. Hins vegar ber að athuga að íbúum af erlendum uppruna fjölgar og hlutfall þeirra af aðfluttum er nokkuð hátt. Þessu þurfa sveitarfélögin að bregðast við með nægri þjónustu fyrir þessa íbúa, t.d. í leik- og grunnskólum.

Svo má spyrja hvort okkur finnist nóg að það fjölgi um 240 íbúa í landshlutanum á milli ára, mest í tveimur stærstu sveitarfélögum – en í tveimur fækkar íbúum.

Skortur á húsnæði hefur verið bagalegur fyrir sveitarfélögin á Austurlandi og hamlað því að fólk hafi getað flutt hingað. Sveitarfélögin höfðu hug á að vinna saman að gerð húsnæðisáætlunar fyrir Austurland en það mistókst og nú hafa flest unnið sínar sérstöku áætlanir. Þær liggja hins vegar fyrir og eru mjög

nauðsynlegar til að hægt sé að átta sig á stöðu húsnæðismála.

Fjölbreytt atvinnutækifæri eru eitt af lykilatriðunum til að hér verði jákvæð íbúapróun! Síðastliðna helgi var náms- og atvinnulífssýningin Að heiman og heim haldin þar sem 50 fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög kynntu starfsemi sína. Þetta er einn liður í að vekja athygli á þeim atvinnutækifærum sem eru á Austurlandi. Ungt Austurland stóð fyrir sýningunni með stuðningi m.a. úr sóknaráætlun en þetta var eitt áhersluverkefnið í ár. Gríðarlega mikilvægt er að halda á lofti þeirri fjölbreytni og tækifærum sem þó eru og þegar svæðið í heild sinni er undir held ég að við búum yfir meiri fjölbreytni en okkur finnst í fljótu bragði. Og þegar ég segi svæðið, þá meina ég Austurland allt því atvinnusvæðið stækkar og lykillinn að því eru bættar samgöngur. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um samgöngumál en það er alveg ljóst að þar þarf að bæta

verulega í af hálfu ríkisins og koma í framkvæmd þeim brýnu samgöngugbótum sem SSA hefur um árabíl kallað eftir! Þá verður að nefna mikilvægi þess að innanlandsflug sé aðgengilegt íbúum og verðlagning sanngjörn. Þetta verður væntanlega rætt hér síðar í dag. Fjarskipti eru svo mikilvægur þáttur í byggðapróun að það verður seint áréttað nægilega. Síðastliðin ár hefur nokkur árangur náðst varðandi lagningu ljósleiðara en enn er langt í langt í mörgum sveitarfélögum. Sveitarstjórnarmenn eru almennt sammála um að þetta sé einn af þeim þáttum sem ætti fremur að vera á verk-sviði ríkis en sveitarfélaga.

Einn lykilþáttur grunnþjónustu er heilbrigðisþjónusta. Heilbrigðisstofnun Austurlands stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum, ekki síst varðandi mönnun en um allt land er skortur á fagfólki í heilbrigðisþjónustu. Þjónusta í minni byggðarlögum er engan veginn ásættanleg

og auk þess eru verkefni á borð við bráðabjónustu, fæðingarþjónustu, þjónustu við aldraða, aðgengi að sérfræðilæknum og fleira og fleira sem sveitarstjórnarmenn hafa ítrekað rætt við ráðherra, þingmenn og starfsmenn ráðuneytis. Verið viss um að þetta kemur til ykkar kasta.

Menntunarmál í heild sinni eru viðamikil málefni og hvað varðar háskólamenntun, sí- og endurmenntun erum við eftirbátar annarra landshluta. Miklu máli skiptir að aðgengi að góðu fjarnámi í fjölbreyttum námsleiðum standi fólki utan höfuðborgarsvæðisins til boða – en Háskólinn á Akureyri hefur þó breytt miklu hvað þetta varðar og fjöldi fólks á Austurlandi stundar þar fjarnám. Hins vegar hefur margítrekað verið bent á að Háskóli Íslands standi sig ekki sem skyldi. Verkfæri okkar í þessum geira eru Austurbrú, með dreifsetta þjónustu fyrir nemendur, Háskólasetur Austfjarða sem var sett á fót með stuðningi fyrirtækja í Fjarðabyggð og víðar og Rannsóknasetur Háskóla Íslands sem var aftur opnað formlega á Egilsstöðum í vor eftir hlé. Tækifærin eru til staðar; það þarf að nýta þau og virkja.

Það er ekki nóg að hafa næga vinnu, en atvinnuleysi á Austurlandi mælist varla, hefur verið milli 1 og 2% undanfarin misseri! Fólk þrífst ekki án þess að geta notið menningar og afþreyingar. Þar stendur Austurland reyndar framarlega miðað við fjölda íbúa og víðfemt svæði. Umsóknir um styrki í Uppbyggingarsjóð sýna þetta berlega og margvíslegir menningarviðburðir eru hér um allan landshlutann allan ársins hring.

Á morgun verður sett Menningarhátið barna og ungmenna á Austurlandi – BRAS sem er verkefni sem menningarfulltrúi hefur unnið með menningarmiðstöðvunum þremur og skólum í landshlutanum. Þetta er metnaðarfullt verkefni og gríðarlega ánægjulegt að skyldi verða að veruleika. Stjórn SSA ákvað að gera þetta að einu áhersluverkefna ársins,

ekki síst fyrir hvatningu og óbilandi trú Signýjar Ormarsdóttur menningarfulltrúa á verkefninu. Margt fróðlegt hefur komið fram varðandi gildi menningar og fjölbreyttrar afþreyingar í rannsóknum Tinnu Halldórsdóttur hjá Austurbrú en hún hefur skoðað líðan og aðstæður kvenna á Austurlandi og hug þeirra til að búa áfram á Austurlandi.

Síðast en ekki síst verður að nefna þá atvinnugrein sem hefur vaxið hvað mest hér sem annars staðar – og haft í för með sér mikla uppbyggingu og fjárfestingu. Sameiginleg metnaðarfull markaðssetning Austurlands hefur verið unnin undanfarin misseri og þannig að eftir hefur verið tekið. Austurbrú hefur stýrt verkefninu Áfangastaðurinn Austurland, sem María Hjálmsdóttir verkefnastjóri kynnir fyrir okkur á eftir.

Fyrir okkur, 10.485 íbúa Austurlands, 3% landsmanna, skiptir verulegu máli að kjörnir fulltrúar - 47 talsins - vinni saman að því að styrkja innviði í landshlutanum og séu sterkir út á við. Ekkert gerist að sjálfu sér og þó hægt miði þýðir ekki að gefast upp. Þið talið fyrir góðum verkefnum og góðum málstað.

Ég vona að umræður á fundinum verði sanngjarnar og gagnlegar. Við höfum mismunandi skoðanir en gleymum ekki að hlusta á sjónarmið hinna sem jafnrétthá og okkar eigin.

Tillaga hefur borist um að fundarstjórar verði Jón Jónsson lögmaður og Sigurlaug Jónasdóttir kennari.

Tillaga hefur einnig borist um að Stefán Bragason, skrifstofustjóri Fljótsdalshéraðs og Helga Guðmundsdóttir, fræðslustjóri Fljótsdalshéraðs verði skrifarar á fundinum.

Ég segi fimmtugasta og annan aðalfund SSA settan og bið fundarstjóra að taka við stjórninni.



Skýrsla stjórnar

Starfsárið 2018-2019
til 53. aðalfundar SSA 7. maí 2019

Aðalfundur 2018

Á 52. aðalfundi SSA sem haldinn var á Hallormsstað dagana 7. og 8. september 2018 voru eftirtalin kosin í stjórn SSA starfsárið 2018-2019:

Aðalmenn

Einar Már Sigurðarson
Gauti Jóhannesson
Gunnar Jónsson
Hildur Þórisdóttir
Pálína Margeirsdóttir
Sigríður Bragadóttir
Stefán Bogi Sveinsson

Varamenn

Eydís Ásbjörnsdóttir
Þorbjörg Sandholt
Berglind Svavarsdóttir
Jakob Sigurðsson
Jón Björn Hákonarson
Stefán Grímur Rafnsson
Björg Björnsdóttir

Á fyrsta fundi stjórnar var Einar Már Sigurðarson kjörinn formaður, Gunnar Jónsson fyrsti varaformaður og Hildur Þórisdóttir annar varaformaður. Eigaþaupvísamhliðasæti í framkvæmdaráðistjórnar SSA.

Ein nefnd starfar á vegum SSA milli aðalfunda. Það er nefnd um samgöngumál sem skipuð er fulltrúum allra sveitarfélaganna 7 á Austurlandi. Finna má upplýsingar um fulltrúa í nefndinni ásamt samþykktum hennar á heimasíðu SSA, ssa.is.

Eins og komið hefur fram var aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað. Þar voru samþykktar breytingar á samþykktum SSA sem fólu m.a. í sér að nú er aðalfundur haldinn að vori. Líkt og á fyrri fundum var fjallað um hin ýmsu mál sem snerta landshlutann í heild.

Breytingar á samþykktum á aðalfundi

Á aðalfundinum 2018 voru samþykktar breytingar á samþykktum SSA. Var það einkum 5. gr. sem kveður á um aðalfund að vori og haustþing ár hvert. Hún er nú svohljóðandi:

Aðalfundur SSA skal haldinn ár hvert, eigi síðar en í maí. Það ár sem kosið er til sveitarstjórna skal fresta stjórnarkjöri til haustþings. Stjórn boðar til aðalfundar með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal hún senda sveitarstjórnnum og gestum fundarins dagskrá hans eigi síðar en 10 dögum fyrir fund. Aðalfundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður. Ber stjórn að halda aðalfundina sem víðast á starfssvæðinu.

Haustþing skal halda eigi síðar en 15. október ár hvert, þar er fjallað um hagsmunamál sveitarfélaganna. Á því skulu fastanefndir starfa og er það ályktunarbært um stefnumál SSA. Þingmenn kjördæmisins og ráðherra sveitarstjórnarmála skulu boðaðir til þingsins til samráðs.

Aukafundir skulu haldnir, þegar stjórn telur ástæðu til og þegar fjórðungur kjörinna fulltrúa eða fjórðungur sveitarstjórna á sambandssvæðinu óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint. Boðað skal til aukafunda með a.m.k. viku fyrirvara. Allir fundir samkvæmt þessari grein eru fulltrúafundir.

Auk þess breyttist 8. gr. að því leyti að þeir stjórnarmenn sem eru í framkvæmdaráði SSA sitja í stjórn Austurbrúar.

Aukaaðalfundur

Aukaaðalfundur var haldinn á Hótel Héraði 19. febrúar 2019. Þar var á dagskrá stjórnunarfyrikomulag SSA og Austurbrúar.

Aðalfundur 2018 tók til umfjöllunar tillögu millipinganeftar um samstarfið. Á aðalfundinum fékk allsherjar- og samstarfsnefnd tillöguna til

umfjöllunar. Svohljóðandi tillaga nefndarinnar var samþykkt:

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 felur stjórn SSA að hefja viðræður við hagaðila Austurbrúar um breytt fyrirkomulag á stjórnun SSA og Austurbrúar með það að leiðarljósi að ná fram sömu markmiðum um skilvirkni og ábyrgð og millipinganeftar hefur lagt upp með, svo sem að SSA og Austurbrú falli undir sömu stjórn. Skili slíkar viðræður tilætluðum árangri skal boða til aukaaðalfundar SSA eigi síðar en 31. janúar 2019 þar sem niðurstöður viðræðna verða lagðar fram til formlegrar afgreiðslu.

Skili slíkar viðræður ekki tilætluðum árangri skal stjórn SSA framkvæma tillögur millipinganeftar sem fram koma í skýrslu nefndarinnar frá ágúst 2018. Tillögurnar fela í sér að ráða skuli starfsmann SSA og gera starfslýsingu fyrir hann, samþykkja nýtt skipurit fyrir SSA og koma á föstu vinnulagi vegna samráðsfunda með framkvæmdastjóra Austurbrúar. Jafnframt felur aðalfundur stjórn að gera samninga við Austurbrú um skrifstofuhald og þau önnur verkefni sem Austurbrú eru falin fyrir milligöngu SSA.

Viðræður við hagaðila Austurbrúar fóru fram með fundi í fulltrúaráði Austurbrúar sem fól starfsráttanefnd Austurbrúar í samvinnu við stjórn SSA að móta tillögur að stjórnunarfyrikomulagi SSA og Austurbrúar. Svohljóðandi tillaga stjórnar var lögð fyrir aukaaðalfundinn og samþykkt:

Aukaaðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 19. febrúar 2019 samþykkir að gerðar verði eftirfarandi breytingar á stjórnunarfyrikomulagi SSA og Austurbrúar.

- Sama sjö manna stjórn verði yfir SSA og Austurbrú að viðbættum tveimur fulltrúum hagaðila í stjórn Austurbrúar. Auk þess verði starfandi framkvæmdaráð Austurbrúar.*
- Framkvæmdastjóri Austurbrúar gegni jafnframt skyldum framkvæmdastjóra SSA. Framkvæmdastjóri sitji fundi stjórnar SSA og beri ábyrgð á framkvæmd ákvarðana stjórnar en auk þess feli framkvæmdastjóri tilteknum starfsmanni Austurbrúar að halda að stærstum hluta utan um málefni SSA í sínu umboði, eiga*

samskipti við stjórnarformann/stjórn, taka við tölvupóstum, erindum og öðru þess háttar samkvæmt samningi. Nánari útfærsla verði ákveðin af stjórn.

- Formaður stjórnar SSA kemur fram í nafni SSA út á við meðal annars til að skýr greinarmunur sé gerður á landshlutasamtökunum og Austurbrú.*
- Stjórn SSA telur æskilegt að starfshlutfall stjórnarformanns verði aukið en að sú ákvörðun verði tekin á aðalfundi í vor.*
- Aukaaðalfundur felur stjórn og framkvæmdaráði SSA að vinna að framkvæmd framangreindra breytinga í samstarfi við Austurbrú. Þær breytingar á samþykktum SSA sem leiða af framangreindum breytingum verði útfærðar af stjórn og lagðar fyrir næsta reglulega aðalfund SSA.*

Fundur stjórnar og framkvæmdaráðs

Á milli aðalfunda, í september 2018 og maí 2019, sem skýrsla þessi tekur yfir og telst starfsár sambandsins voru haldnir alls 12 stjórnarfundir. Auk þess hittist framkvæmdaráð SSA á 8 fundum. Fundirnir voru ýmist haldnir á Egilsstöðum eða Reyðarfirði fyrir utan að framkvæmdaráð fundaði einu sinnig á Seyðisfirði og stjórn átti fund með samgönguráðherra á Akureyri. Starf stjórnar var hefðbundið og líkt og fyrri ár snerta verkefni stjórnarinnar flesta þætti samfélagsins í landshlutanum. Ályktanir aðalfundar tóku á þeim málum sem fulltrúar á fundinum telja mikilvæg þannig að gott mannlíf geti blómstrað á Austurlandi. Fundargerðir stjórnar, ályktanir aðalfundar sem og samþykktir samgöngunefndar má finna á heimasíðu SSA.

Gestir stjórnar á starfsárinu voru Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar, Ruth Elfarsdóttir fjármálastjóri Vegagerðarinnar, Sveinn Sveinsson svæðisstjóri, Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóri Vegagerðarinnar og Björn Helgi Barkarson, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Fundað var einnig með eftirfarandi aðilum í samstarfi við stjórn Austurbrúar: Péttri Þ. Óskarssyni, Íslandsstofu, Óskari Jósefssyni, Stjórnstöð ferðamála, Skarphéðni Berg Steinarssyni, Ferðamálastofu, Sigrúnu Jakobsdóttur, Isavia og Jörundi Ragnarssyni, Isavia.

Starfsmannahald á skrifstofu

Skrifstofa sambandsins er í húsakynnum Austurbrúar að Vonarlandi á Egilsstöðum. Bókhald SSA er unnið af fjármálasviði Austurbrúar og Skrifstofuþjónustu Austurlands. Endurskoðunarfyrtækið KPMG á Egilsstöðum annast könnun ársreiknings. Verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála á skrifstofu SSA sinnti daglegum verkefnum á vegum sambandsins í samráði við stjórn SSA. Starfsemin er margþætt, má þar nefna umsagnir um frumvörp sem lögð eru fram á Alþingi, vinnu við sóknaráætlun landshlutans, samskipti við önnur landshlutasamtök, samskipti við þingmenn kjördæmisins, starfsmenn Stjórnarráðsins, sveitarstjórnarmenn á starfssvæði SSA, starfsmenn Austurbrúar og íbúa Austurlands, auk þess sem SSA hélt utan um rekstur almennings-samgangna á Austurlandi í samstarfi við Austurbrú. Einnig heldur SSA utan um Svæðisskipulag Austurlands sem er áhersluverkefni sóknaráætlunar. Þann 1. mars 2019 lét Jóney Jónsdóttir af störfum sem verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála.

SSA og Austurbrú

Eins og áður var nefnt var kallað til aukaaðalfundar vegna samþykkrar ályktunar aðalfundar 2018 varðandi samstarf SSA og Austurbrúar og vinnu í kjölfar hennar. Austurbrú sinnir margvíslegum verkefnum fyrir SSA. Þar fer umsýsla með Uppbyggingarsjóði Austurlands fram auk þess sem áhersluverkefni sóknaráætlunar eru flest unnin af Austurbrú samkvæmt samningi. Frá 1. mars hefur framkvæmdastjóri Austurbrúar sinnt störfum verkefnisstjóra og Jóney Jónsdóttir sinnt einstaka verkefnum.

Samskipti við þingmenn, Alþingi, ráðuneyti og stofnanir

Samskipti við þingmenn kjördæmisins eru bæði með formlegum og óformlegum hætti. Landshlutasamtökin eru þannig byggð upp að samskipti milli kjörinna fulltrúa á Alþingi og stjórnarmanna sambandsins eru mjög regluleg. Þingmenn halda kjördæmafundi sem skipulagðir eru af SSA. Þar

koma til fundar við þingmenn sveitarstjórnarfólk, framkvæmdastjórar helstu stofnana landshlutans og stjórnarmenn SSA. Margir kjörnir fulltrúar vildu gjarnan að samskipti við þingmenn væru meiri og að þeir gæfu sér lengri tíma á Austurlandi í kjördæmavikunum. Stjórn átti fund með samgönguráðherra vegna samgönguáætlunar, formaður og varaformenn sátu fund samgöngunefndar Alþingis og formaður og verkefnisstjóri áttu fund með fjárlaganefnd Alþingis. Einnig hafa formaður og verkefnisstjóri átt fundi með forstjóra og starfsmönnum Vegagerðarinnar vegna almennings-samgangna og samninga við Vegagerðina.

Samband íslenskra sveitarfélaga

Samband íslenskra sveitarfélaga gengst fyrir fundum og ráðstefnum sem fulltrúar SSA sækja eftir því sem við á. Þó eru ákveðnar ráðstefnur sem fulltrúar sambandsins sækja árlega, s.s. fjármálaráðstefna og landsþing. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur aukið þjónustu sína við sveitar-

félögin jafnt og þétt og er þjónusta þess landshlutasamtökum mikilvæg. Starfsmenn þess, einkum á lögfræðisviði, hafa veitt ráðgjöf og aðstoð í ýmsum málum m.a. í dómsmálinu sem SSA á í vegna almennings-samgangna. Jón Björn Hákonarson, fulltrúi norðausturkjördæmis í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga kom til fundar við stjórn SSA og fór yfir þau málefni sem unnið er að á vettvangi stjórnar sambandsins.

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Starf landshlutasamtaka sveitarfélaga byggir tilveru sína á ákvæði 97. gr. sveitarstjórnarlaga nr.138/2011 þar sem segir:

Sveitarfélögum er heimilt að starfa saman innan staðbundinna landshlutasamtaka sveitarfélaga er vinni að sameiginlegum hagsmunamálum sveitarfélaganna í hverjum landshluta. Starfssvæði landshlutasamtaka fer eftir ákvörðun aðildarsveitarfélaga sem staðfest hefur verið af ráðuneytinu.



Landshlutasamtök skulu þó aldrei vera fleiri en átta á landinu öllu. Sveitarfélög sem liggja innan starfs-svæðis landshlutasamtaka eiga rétt á aðild að þeim. Ráðuneyti og opinberar stofnanir skulu ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasamtaka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega. Landshlutasamtök geta með samningum eða samkvæmt heimildum í sér-lögum tekið að sér verkefni eða aðra starfsemi sem tengist hlutverki þeirra skv. 1. mgr., svo sem verkefni tengd byggðapróun eða öðrum sameigin- legum hagsmunum sveitarfélaga.

Samgöngu- og sveitastjórnarráðherra hefur skipað starfshóp sem hefur það hlutverk að meta stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga með það að mark- miði að skýra hlutverk þeirra og stöðu gagnvart sveitarfélögum annars vegar og ríkinu hins vegar. Hefur hópurinn óskað eftir upplýsingum frá lands- hlutasamtökunum auk þess sem stefnt er að því að funda með stjórnnum þeirra fyrir sumarið 2019. Vinna starfshópsins er í gangi og gert er ráð fyrir að hann skili sínum tillögum til ráðherra á árinu 2019.

Samskipti milli starfsmanna landshlutasamtakanna aukast sífellt enda hefur verkefnum sem samtökin koma að fjölgað í gegnum árin. Þar má nefna samninga um sóknaráætlun og almenningssamgöngur sem er mikið hagsmunamál fyrir lands- byggðina og mikilvægt að gæta hagsmuna lands- hlutasamtakanna gagnvart ríkisvaldinu bæði á fjárhagslegu sviði og lagalegu.

Skipting fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna í landshlutanum er eitt af viðfangsefnum lands- hlutasamtakanna. Fulltrúar SSA hafa lagt ríka áherslu á að við skiptingu fjármagns sé tekið tillit til mismunandi aðstæðna landshlutanna, svo sem hvað varðar fjarlægð og þéttleika byggðar.

Haldnir eru þrjú reglulegir fundir ár hvert þar sem farið er yfir mál sem bera hæst í landshlutanum; haustfundur, vorfundur og sumarfundur.

Helstu verkefni SSA á starfsárinu

Samningur um sóknaráætlun

Stjórn SSA vann að framkvæmd samnings um sóknaráætlun 2015-2019 á starfsárinu. Úthlutað

var úr Uppbyggingarsjóði Austurlands í ársbyrjun 2019 og skilgreind voru áhersluverkefni fyrir lands- hlutann á árinu 2019. Náið samstarf hefur verið við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Nú er hafin undirbúningur nýs samnings um sóknar- áætlun en núverandi samningur rennur út í árslok 2019. Samhliða samningagerðinni þarf að vinna að endurskoðun sóknaráætlunar Austurlands. Brýnt er að ná íbúum Austurlands, grasrótinni, með í þá endurskoðun og tryggja verulega aukið fjármagn til samningsins svo unnt sé hrinda markmiðum hans í framkvæmd.

Byggðaaætlun

Landshlutasamtökin tengjast ýmsum verkefnum í gegnum byggðaaætlun og hafa umsjón með sumum þeirra. Þar má nefna að eingöngu lands- hlutasamtök gátu sótt um framlög til sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða. SSA gerði það og fengu tvö verkefni styrki á árinu 2018 og eitt verkefni fékk árið 2019 úthlutun til þriggja ára. Einnig sótti SSA um og fékk styrk til verkefnisins Náttúruvernd og efling byggða.

Svæðisskipulag Austurlands

Eitt áhersluverkefna sóknaráætlunar er svæðis- skipulag Austurlands. Í október 2018 var ráðningar- samningur Skarphéðins Smára Þórhallsssonar fram- lengdur um hálf ár í starf verkefnisstjóra með svæðisskipulagi Austurlands. Á starfsárinu hélt svæðisskipulagsnefnd 4 fundi, fulltrúar Skipu- lagsstofnunar komu á fund nefndarinnar þar sem farið var yfir verklýsingu svæðisskipulags Austur- lands og athugasemdir Skipulagsstofnunar við hana. Svæðisskipulagsnefnd sendi breytta verk- lýsingu til umsagnar til sveitarfélaga svæðisins.

Brothættar byggðir

SSA átti fulltrúa í verkefnisstjórnnum „Brothættra byggða“ á starfsárinu sem fjallaði um málefni Breiðdalshrepps annars vegar og Borgarfjarðar eystri hins vegar. Fundað var reglulega og sat verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála í verkefnisstjórn fyrir hönd SSA uns hann lét af störfum í mars 2019 en þá tók Stefán Bogi Sveinsson við. Í byrjun árs 2018 var upphafsfundur verkefnisins meðal íbúa á Borgarfirði eystri en í árslok 2018 lauk formlega þátttöku Breiðdalshrepps í verkefninu. Verkefnið er leitt af Byggðastofnun en dagleg verkefnastjórn er í höndum starfsmanns Austurbrúar.

Samgöngunefnd SSA

Samgöngunefnd hélt fjóra fundi á starfsárinu. Á þeim fundum var farið yfir verkefni sem brýn eru í samgöngumálum í landshlutanum, einkum var samgönguáætlun umfjöllunarefni en hlutur Austur- lands þar er ákaflega rýr. Nefndin fylgdi áfram eftir málum sem SSA hefur sem áhersluverkefni, það eru millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll og innan- landsflug (verðlagning, almenningssamgöngur). Gestir samgöngunefndar á starfsárinu voru Bergþóra Þorkeldsdóttir – forstjóri Vegagerðarinnar, Ruth Elfarsdóttir fjármálastjóri Vegagerðarinnar, Sveinn Sveinsson svæðisstjóri, Jónas Snæbjörns- son framkvæmdastjóri, Njáll Trausti Friðbergs- son, 6. Þingmaður kjördæmisins, Gunnar Jónsson, varaformaður SSA, Einar Már Sigurðarson, for- maður SSA, María Hjálmarsdóttir, verkefnastjóri Austurbrúar um eflingu Egilsstaðaflugvallar fyrir millilandaflug og Áfangastaðarins Austurlands og Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austur- brúar.

Almenningssamgöngur á Austurlandi

Skipulag og rekstur almenningssamgangna á Austurlandi heyrir undir starfssviði SSA. Góðar almenningssamgöngur eru mikilvægur þáttur í eflingu byggðar. Ef svo mikilvægt verkefni á að vera á ábyrgð landshlutasamtakanna verður hið opin- bera að tryggja lagaumhverfi sem og nauðsynlegt fjármagn þannig að hægt sé að reka heildstætt kerfi um hinar dreifðari byggðir landsins. Eins og öll hin landshlutasamtökin sagði SSA upp samningi við Vegagerðina um almenningssamgöngur og rann hann út í lok ársins 2018. Með samkomulagi við Vegagerðina var samningurinn framlengdur til eins árs. Í apríl 2018 tók SvAust ehf. við rekstri almenningssamgangna á Austurlandi. Austurbrú heldur utan um daglega verkefnastjórn en í stjórn SV-Aust sitja Einar Már Sigurðarson, formaður, Björn Ingimarsson og Jóney Jónsdóttir.

SSA stendur enn í málaferlum í tengslum við rekstur almenningssamgangna á Austurlandi og ekki sér enn fyrir endann á þeim málarekstri.

Atvinnuþróunarsjóður Austurlands

Á aðalfundi 2018 var samþykkt tillaga um að leggja Atvinnuþróunarsjóð Austurlands niður og stjórn falið að ganga frá því að leysa sjóðinn upp

og ráðstafa eignum hans. Unnið er að niðurlagningu sjóðsins og verið að ganga frá ýmsum málum en vonast er til að verkinu ljúki innan tíðar.

Lokaorð

Þetta starfsár er óvenju stutt þar sem nú er haldinn fyrsti aðalfundur SSA að vori í samræmi við breytingar sem gerðar voru á síðasta aðalfundi SSA. Þrátt fyrir það hefur starfið einkennst af mikil- vægum málum sem taka til margra þátta er varða verkefni sveitarfélaga og hagsmuni íbúa á Austur- landi. Með nýrri byggðaaætlun felst aukið sam- ráð auk þess sem ríkisvaldið hefur hrint af stað ýmsum sértækum verkefnum til framkvæmda í landshlutanum. Nú er unnið að nýjum sóknar- áætlunarsamningi og standa vonir til að fleiri málaflakkar komi að honum en nú er. Einnig eru bundnar vonir við að samþætting áætlana verði skýrari eftir því sem vinnunni vindur fram. Áfram er unnið að sterkari fjárhagsgrunni verkefna svo þau geti haft þau áhrif til breytinga sem vonir standa til. Mikilvægi samráðsvettvangs sveitar- félaga er verulegt þar sem þau eru misjöfn af stærð og gerð og geta þar komið fram sem öflug eining til að reka á eftir umbótum á ýmsum sviðum. Skýra þarf stjórnsýslulega stöðu slíkra samtaka til að um- boð þeirra sé á tryggum grunni, vonir eru bundnar við að nefnd á vegum sveitarstjórnarráðherra skili tillögum sem miða að því markmiði á haustdögum. Mikilvægt er að sveitarstjórnarfulltrúar vinni af heilum hug á samstarfsvettvangnum og horfi til heildarhagsmuna fjórðungsins því þannig verður samtakamátturinn öflugastur.

Ég þakka stjórn SSA, sveitarstjórnarmönnum á Austurland, starfsfólki Austurbrúar, sérstaklega fráfarandi verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála, úthlutunarnefnd og fagráðum Uppbyggingarsjóðs, þingmönnum, ráðuneytum og öðru samstarfsfólki gott og gefandi samstarf á liðnu starfsári.

F.h. stjórnar SSA,
Einar Már Sigurðarson, formaður

Fundargerð aðalfundar

Fundargerð 52. aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) haldinn á Hallormsstað dagana 7. og 8. september 2018.

7. september

Dagskrá fundarins lá frammi, *þingskjal nr. 1.*

9:00-9:30 Skráning og afhending fundargagna.

9:30-10:10 Setning aðalfundar, skipun fundarstjóra og ritara

Sigrún Blöndal, formaður SSA, setti aðalfundinn kl. 9:35 og bauð fundarmenn og gesti velkomna á 52. aðalfund SSA. Hún bauð nýja fulltrúa sérstaklega velkomna og gat um hlutfall þeirra á þinginu sem og kynjahlutfall þingfulltrúa. Hún þakkaði Breiðdalshreppi og fulltrúum hans fyrir gott samstarf á undangengnum árum en nú hefur hann sameinast Fjarðabyggð. Hún fór síðan yfir markmið og hlutverk SSA en vísaði annars til ársskýrslu SSA, *þingskjal nr. 2*, um starfsemi á árinu. Átta landshlutasamtök eru á landinu og glíma þau flest við sömu verkefni fyrir sín svæði. Sigrún ræddi hvernig SSA reynir að sinna framgangi sinna mála t.d. með samtölum við þingmenn og starfsmenn ráðuneyta. Einnig nefndi hún gott samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga. Sigrún renndi yfir fjármálin og hvernig tekjur SSA skiptast og hvaðan framlög koma til samtakanna. Gat hún svo um Sóknaráætlun og það fjármagn sem kemur í gegnum hana og hvernig því er skipt. Nefndi hún stífar kröfur til hæfis fulltrúa í úthlutunarnefnd og fagráðum við afgreiðslu umsókna. Fulltrúar í ráðunum hafa þurft að víkja vegna vanhæfis, þegar þeir tengjast umsóknum. Þetta hefur einnig þýtt nokkuð tíð skipti á fulltrúum sem getur verið bagalegt. Minntist hún síðan formanns úthlutunarstjórnar, Eiríks Hilmarssonar, sem lést nýlega og risu þingfulltrúar úr sætum til að minnast hans. Sigrún ræddi mikilvægi þess að samtökin hafi nægt fjármagn til að sinna sínum verkefnum og að nýting þess lægi skýrt fyrir.

Sigrún vék svo máli sínu að almenningssamgöngum á Austurlandi og málsókn Sternu á hendur SSA og stöðuna í því dómsferli. Öll landshlutasamtök

hafa nú sagt upp samningum um almenningssamgöngur við Vegagerðina og eru samningaviðræður framundan. Einnig kom hún inn á vinnu við svæðisskipulag Austurlands sem nú hefur staðið í tvö ár.

Sigrún tæpti á helstu málum sem hún telur að verði áskoranir nýrra sveitarstjórnarmanna á næstu fjórum árum. Hún nefndi mál sem hafa verið í deiglu undanfarið og enn þarf að vinna að þar sem niðurstaða liggur ekki fyrir og vísaði þar m.a. í ágæti æðruleysisbænarinnar. Hún fór svo yfir íbúabróun og sagði góðu fréttirnar þær að íbúum á Austurlandi fækkaði ekki um þessar mundir eins og á sumum öðrum svæðum. Íbúum af erlendum uppruna fjölgaði þó meira en öðrum og það væri áskorun fyrir sveitarstjórnarfólk að sinna þjónustu við þessa hópa. Ræddi hún svo húsnæðisskort og húsnæðisáætlanir sveitarfélaga á Austurlandi. Flest eða öll sveitarfélögin hafa nú lokið gerð slíkra áætlana. Svo nefndi hún sýninguna „Að heiman og heim“, sem samtökin Ungt Austurland héldu um síðustu helgi og tókst vel en sýningin var eitt áhersluverkefni Sóknaráætlunar. Sigrún sagði að samgöngumál væru lykilatriði fyrir áframhaldandi þróun byggðamála á Austurlandi, eins og SSA hefur margsinnis ítrekað og talað fyrir. Lagning ljósleiðara væri brýnt verkefni, sem væri mislangt komið á svæðinu. Nauðsyn bættrar heilbrigðisþjónustu væri líka forgangsmál. Menntunarmál væru brýn, bæði menntun á yngri og efri skólastigum og sí- og endurmenntun sem væri nauðsynlegur þáttur í starfsþróun fólks. Sigrún lagði áherslu á mikilvægi menningarmála, en þar stendur Austurland framarlega miðað við fólksfjölda og margt þar í deiglu. Landshlutinn stendur sterkt í atvinnumálum, atvinnuleysi mælist vart. Ferðaþjónustan er mikilvægur þáttur og kynning Austurbrúar á Austurlandi hefur vakið athygli og að margra mati tekist vel til.

Að því búnu bar hún upp tillögu um fundarstjóra, Jón Jónsson og Sigurlaugu Jónasdóttur og funda-

rritara, Stefán Bragason og Helgu Guðmundsdóttur. Það var samþykkt með lófataki. Að lokum setti Sigrún fundinn formlega og gaf fundarstjórum orðið.

Fundarstjóri tók við og áréttaði mikilvægi þess að menn gættu að tímamörkum. Hann gerði síðan tillögu um fulltrúa í kjörbréfanefnd sem Anna Alexandersdóttir stýri og nefndanefnd sem Eydis Ásbjörnsdóttir stýri, *þingskjal 3*. Samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri bauð Sigrúnu Blöndal að kynna stuttlega skýrslu stjórnar. Sigrún vísaði í prentaða skýrslu í fundargögnum, *þingskjal 4*.

Fundarstjóri bauð næst framkvæmdastjóra Austurbrúar, Jónu Árnýju Þórðardóttur, að kynna reikninga SSA fyrir liðið ár og fjárhagsáætlun 2019. Jóna Árný dró fram meginniðurstöður ársreikningsins, *þingskjal 6*. Afkoma síðasta árs var jákvæð. Kynnti hún svo áritun endurskoðenda og skoðunarmanna og nefndi m.a. umfjöllun þeirra um skaðabótakröfu Sternu á hendur SSA, sem áður var getið um. Hún vísaði að öðru leyti til ársreikningsins, greinargerðar með ársreikningi, *þingskjal 5*, og fjárhagsáætlunar, *þingskjal 7*.

Engar fyrirspurnir bárust á þessu stigi. Gögnunum var vísað til fjárhagsnefndar.

Fulltrúar í stjórn SSA kynntu tillögur frá stjórn og aðalfundarfulltrúum sem vísað er til nefnda.

Margrét Guðjónsdóttir kynnti tillögur umhverfis- og samgöngunefndar, *þingskjal 8*.

Jens Garðar Helgason kynnti tillögur mennta- og menningarmálanefndar, *þingskjal 9*.

Sigrún Blöndal kynnti tillögur allsherjar- og samstarfsnefndar, *þingskjal 10 og 11*.

Stefán Grímur Rafnsson kynnti tillögur byggða- og atvinnumálanefndar, *þingskjal 13*.

Hákon Hansson kynnti tillögur stjórnar sem varða breytingar á samþykktum samtakanna og lagði til að tillögunum væri vísað bæði til laganefndar og

fjárhagsnefndar, *þingskjal 14*.

Skýrsla millipinganefndar lögð fram sem *þingskjal 12*.

Vísun framangreindra tillagna til viðkomandi nefnda var samþykkt.

Stefán Bogi Sveinsson lagði fram breytingartillögu um stjórnunarfyrrkomulag SSA og samstarf við usturbrú og lagði til að henni yrði vísað til allsherjar- og samstarfsnefndar. Ekki voru gerðar athugasemdir við það af hálfu fundarmanna.

10:10-10:30 Svæðisskipulag Austurlands

Skarphéðinn Smári Þórhallsson, verkefnastjóri

Skarphéðinn Smári Þórhallsson, verkefnisstjóri Svæðisskipulags Austurlands, fór yfir verkferli og vinnulag við gerð svæðisskipulagsins, en svæðisskipulagið er vistað á heimasíðunni austurland.is. Hann gerði grein fyrir að sveitarfélögin eiga öll tvo fulltrúa í skipulagsnefndinni auk þess sem FAUST á fulltrúa í nefndinni og þar með er búið að skapa tengingu við Áfangastaðinn Austurland. Gagnaöflun og starfslýsingar fyrir stjórn tóku langan tíma og gagnrýndi hann litlar leiðbeiningar hjá Skipulagsstofnun í þeim efnum. Hann rakti uppbyggingu á þeirri skýrslu sem unnin hefur verið kafla fyrir kafla. Hann nefndi ýmis af þeim sérkennum sem einkenna fjórðunginn, há fjöll, Austfjarðapökuna, heit sumur og kalda vetur og fleira sem gegnir ríku hlutverki í vinnu við svæðisskipulagið. Sagði hann að þessir þættir verði dregnir sérstaklega fram og nýttir til kynningar og markaðssetningar svæðisins.

10:30-10:45 SvAust – Almenningssamgöngur á Austurlandi

Jódís Skúladóttir verkefnastjóri

Jódís Skúladóttir, sem er starfandi verkefnisstjóri almenningssamgangna á Austurlandi, fór yfir sögu almenningssamgangna á Austurlandi og hver væru helstu viðfangsefni þar. Starfsemi Sv-Aust hófst 2013 og hefur verið að þróast síðan. Undir Sv-Aust falla nú flugrútnar, starfsmanna-

akstur Alcoa, íþróttakstur fyrir börn í minni sveitarfélögum, skólaakstur (annars vegar vegna framhaldsskólanema og hins vegar akstur skólabarna milli Breiðdalsvíkur og Stöðvarfjarðar) og á vetrum skíðaakstur. Sveitarfélögin greiða ákveðið grunnframlag til starfseminnar auk þeirra tekna sem koma frá hinu opinbera, framlags Alcoa vegna starfsmanna og síðan almennra fargjalda. Einnig koma inn sérverkefni eins og skólaakstur, skíðaakstur og fl. sem sérstaklega er greitt fyrir. Tímaáætlanir þurfa að ganga upp og því getur t.d. breyting á tímaáætlun Flugfélagsins skapað mikla vinnu við að endurvinnna áætlanir Sv-Aust, en Sv-Aust leggur áherslu á auglýsinga- og markaðsmál til að tryggja að íbúar geti nýtt sér þjónustuna.

10:45-10:55 Kaffihlé

10:55-11:55 Austurbrú – kynning

10:55- 11:15 Starfsemi Austurbrúar

Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri

Jóna Árný Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Austurbrúar kynnti starfsemina og vísaði í ársskýrslu Austurbrúar í fundargögnum. Hún fór yfir hvaða aðilar standa að Austurbrú auk helstu markmiða og verkefna. Austurbrú var stofnuð 2012 til að einfalda stjórnsýslu og er fyrsta stofnun sinnar tegundar á landinu. Austurbrú tók við hlutverkum stofnana og samtaka sem áður höfðu starfað hvert fyrir sig á Austurlandsvísu. Stofnaaðilar Austurbrúar eru 32. Rúmlega helmingur tekna Austurbrúar kemur frá ríki og ríkisstofnunum. Sveitarfélögin á Austurlandi og SSA leggja Austurbrú einnig til talsvert fé. Hluti tekna kemur frá samstarfsverkefnum við ýmsa aðila og verkefnum sem Austurbrú vinnur fyrir aðildarsveitarfélögin. Austurbrú er fyrst og fremst þekkingarstofnun og laun og launatengd gjöld eru langumfangsmesti kostnaðarliðurinn í rekstri. Austurbrú starfrækir sex starfsstöðvar víðs vegar um fjórðunginn, á Djúpavogi, Seyðisfirði, Vopnafirði, Reyðarfirði, Norðfirði og Egilsstöðum, en þar er fjölmennasta starfs-

stöðin. Meira en helmingur starfseminnar er á sviði fræðslumála. Austurbrú sinnir einnig atvinnuþróunarverkefnum og gegnir viðamiklu kynningarhlutverki fyrir fjórðunginn. Símenntun er eitt af verkefnum Austurbrúar. Um hvert verkefni er skipaður stýrihópur og verkefnastjórar starfa síðan á grundvelli þeirra áherslna sem stýrihóparnir móta. Innan Austurbrúar eru jafnan starfandi fjöldi stýrihópa. Austurbrú fylgist glögggt með þróun á þeim sviðum sem stofnunin starfar á og nýtir tengslanet til að tryggja framþróun á þeim sviðum sem stofnunin starfar fyrir fjórðunginn.

11:15- 11:35

Menningarfulltrúi Austurlands

Signý Ormarsdóttir verkefnastjóri

Signý Ormarsdóttir, menningarfulltrúi Austurlands, rakti í upphafi sögu menningarsamstarfs í fjórðungnum, sem segja má að eigi upphaf sitt 14. maí 2001 þegar fjórðungurinn setti sér fyrstu sameigin-

legu menningarstefnuna, en þar var tilskilið að á svæðinu væri starfandi menningarfulltrúi. Síðan voru endurtekið gerðir samstarfssamningar sem ríkið kom að þar til sóknaráætlun kom til en nú eru framlög til menningar hluti af sóknaráætlun Austurlands. Hún sagðist nú vera titluð verkefnastjóri, en þó væru margir aðrir starfsmenn Austurbrúar sem kæmu að menningarverkefnum á svæðinu. Vitnaði hún svo í forna yfirskrift frá bókasafni í Sviss, þar sem sagt var að menning og bækur væru gluggi sálarinnar. Signý vakti athygli á að ýmsum menningarverkefnum er úthlutað til svæðisins og nefndi sem dæmi aldarafmæli fullveldis á Íslandi. Hún ítrekaði mikilvægi menningarinnar og vísaði til ýmissa frömuða fyrri tíma, m.a. Voltaire og Churchill, orðum sínum til stuðnings. Jafnframt vitnaði hún til aukinnar áherslu á skapandi greinar í atvinnulífi og minnti á ráðstefnu Félags atvinnurekanda 2016 varðandi þann mála flokk. Hún vakti sérstaka athygli á áherslu á barna- og ungmennamenningu ríkis og sveitarfélaga og



minnti á BRAS, barnamenningarhátíð á Austurlandi sem er að hefjast þessa helgi. Signý taldi til talsvert mörg verkefni á vettvangi Austurbrúar sem með einum eða öðrum hætti tengjast menningarmálum. Hún nefndi ýmsar menningarhátíðir sem hafa verið haldnar eða eru haldnar reglulega í fjórðungnum.

Signý kynnti síðan sérstaklega BRAS og ræddi undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar. Vinna með börnum og fyrir börn er það sem lögð er áhersla á í BRAS. Það eru ekki aðeins íslenskar áherslur að baki hugmyndafræði barnamenningarhátíðar, sams konar áherslur má finna í starfi t.d. á flestum Norðurlöndunum. Síðan kynnti Signý fullveldishátíðina eins og valið hefur verið að vinna með hana í fjórðungnum, þar sem yfirskriftin er Austfirskt fullveldi – sjálfbært fullveldi. Verkefnið hefur vakið athygli út fyrir fjórðunginn en að því koma fjölmargar stofnanir í fjórðungnum. Að lokum nefndi Signý menningarmiðstöðvar fjórðungsins og kynnti Uppbyggingarsjóð Austurlands.

11:35- 11:55

Áfangastaðurinn Austurland

María Hjálmarsdóttir verkefnastjóri

María Hjálmarsdóttir verkefnastjóri hóf erindi sitt á því að nefna að búsetuþróun og hröð uppbygging í ferðaþjónustu skiptir okkur miklu máli. Kynnti hún fyrst uppruna verkefnisins „Áfangastaðurinn Austurland“ og aðkomu Daníels Byström að því. Hann er virtur fyrir sín störf m.a. í Svíþjóð. Þetta er ekki aðeins ferðaþjónustuverkefni, enda þarf margt til í samfélögum svo ferðaþjónustan eigi möguleika á að þróast og skapa ný tækifæri. Sveitarfélögin og SSA tóku hugmyndunum vel og hafa stutt markvisst við þróun verkefnisins frá upphafi. Áfangastaðurinn Austurland er fyrsta verkefnið sinnar tegundar, en síðar kom Ferðamálastofa með sínar hugmyndir um áfangastaðaverkefni og verkefnið hefur verið notað sem fyrirmynd víða um heim. Lögð hefur verið áhersla á vandað efni og vandaða framsetningu. Áfangastaðaáætlun Austurlands er í vinnslu um þessar mundir og María telur í því sambandi afar mikilvægt það samstarf sem komið hefur verið á við vinnuna við Svæðisskipulag Austurlands. Hún kynnti ýmis verkefni og námskeið sem eru í gangi og verið er að vinna að fyrir

ferðaþjónustuaðila í fjórðungnum. Einnig mikilvægi þess að ferðaþjónustuaðilar og starfsfólk þeirra vandi mjög til verka, veiti góða þjónustu og fái í staðinn góðar umsagnir á samfélagsmiðlum. Verkefnið opnaði heimasíðu 2017. Lögð er mikil áhersla á vandaðar kynningar og þar er upplifun gesta mikilvægur þáttur frekar en kynning á einstökum fyrirtækjum eða stofnunum. Lögð er áhersla á annars vegar að draga fram sérkenni einstakra sveitarfélaga eða staða og hins vegar að hanna sameiginlega ímynd. Samræming í hlutum eins og skiltagerð á svæðinu og fleira væri hluti af því að markaðsetja svæðið sem heild. Hjálp í vörubrúun væri einn þáttur í starfinu.

Að lokum sýndi María myndband sem tengist markaðssetningu á Egilsstaðaflugvelli og baráttunni fyrir meiri nýtingu hans, ásamt fleiri myndbrotum.

11:55 – 12:15

Umræður og fyrirspurnir um ofangreind erindi Enginn kvaddi sér hljóðs og gerði því fundarstjóri hlé á fundinum meðan hádegisverðar var neytt.

12:15 – 13:00

Hádegisverður

13:00 – 14:20

Ávörp

13:00- 13:15

Þingmaður kjördæmisins

Njáll Trausti Friðbertsson,

6. þingmaður kjördæmisins

Áður en Njáll Trausti tók til máls flutti fundarstjóri kveðjur frá Sigurði Inga Jóhannssyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Kristjáni Þór Júlíússyni, 1. þingmanni kjördæmisins og Steingrími J. Sigfússyni 2. þingmanni kjördæmisins, en enginn þeirra átti heimangengt til að taka þátt í þessum aðalfundi.

Njáll Trausti vakti í upphafi máls athygli á þeirri staðreynd hversu margir nýir sveitarstjórnarmenn eru í fjórðungnum eða 23 af 47. Hann ræddi að öðru leyti um málefni sem brenna á í fjórðungnum ekki síst ræddi hann samgöngumál, m.a. nauðsyn

á stækkun flughlaða á Akureyri og Egilsstöðum eins og nýleg dæmi sanna, þegar þurfti að nýta þá sem varaflugvelli. Ræddi hann svo vegaframkvæmdir á Austurlandi sem væri verið að vinna að og vonandi fylgdu fleiri í kjölfarið.

13:15- 13:35

Samband íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri

Karl sagðist ætla að fara yfir helstu mál sem væru til umfjöllunar á sveitarstjórnarstiginu. Sagði hann ánægjulegt að við síðustu sveitarstjórnarkosningar hefði kosningabátttaka farið vaxandi frá síðustu kosningum og þátttaka kvenna í sveitarstjórnnum færi einnig vaxandi.

Árið 1945 var Sambandið stofnað og hefur síðan unnið að hagsmunamálum sveitarstjórnarstigsins. 11 manns eru í stjórn og 4 fagnefndir eru ráðgefandi fyrir stjórnina, auk þess er starfandi framkvæmdastjóri. Skrifstofa er í Brussel. Aðild að sambandinu er frjálst en öll sveitarfélög eru aðilar að því. Sambandið hefur lögbundið hlutverk. „Framtíðin er hér“ er sú stefna sem nú er unnið eftir af hálfu sambandsins. Á næsta landsfundi verður efling sveitarstjórnarstigsins annað aðalmálefni fundarins. Í þeirri skýrslu sem liggur fyrir um þetta mál er gerð tillaga um ákveðið lágmark hvað varðar íbúafjölda í sveitarfélögum. Hitt stóra málið varðar endurskoðun á reglum Jöfnunarsjóðs.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga hefur batnað verulega síðustu ár, frá því sem varð eftir kreppuna. Hún sveiflast nokkuð í takt við hagsveiflur landsins. Framlegð þyrfti þó að vera meiri en hún er í dag, sem er nálægt 10% á landsvísu að meðaltali. Skuldir og skuldbindingar hafa verið að lækka og eru að ná 150% markinu víðast hvar.

Þó sveitarfélög hafi í góðærinu getað greitt niður skuldir vantar talsvert á uppbyggingu og viðhald innviða víða og þar bíða ærin verkefni og á þeim grundvelli þarf í sameiningu að sækja á ríkið um breytta skiptingu fjármuna milli þess og sveitarfélaganna. Eftir hverjar kosningar fá allir nýir alþingismenn bréf með kynningu á Sambandinu, sem ekki eru hefðbundin hagsmunasamtök heldur málsvari annars stjórnarsýslusviðsins. Karl fór yfir

samstarfsnefnd Sambandsins og ríkisins, hverjir sitja í henni og hvernig hún starfar, en hún fundar u.þ.b. mánaðarlega. Undir samráðsnefndinni, sem oft er nefnd Jónsmessunefnd, starfa undirnefndir, m.a. um kjaramál ríkis og sveitarfélaga og nú einnig um málin á „gráa svæðinu“ sem fjallað er um í Grábókinni. Unnið er í verkefnum á vettvangi rafrænnar stjórnarsýslu, en sýnt er að spara megi háar upphæðir með aukinni rafvæðingu stjórnarsýslunnar. Karl nefndi ákveðin dæmi um árangur samvinnu ríkis og sveitarfélaga sem hafa sparað sveitarfélögunum umtalsverða fjármuni. Hagsmunagæslan kemur einnig fram í vönduðum umsögnum um lagafrumvörp sem varða málefni sveitarfélaganna með einum eða öðrum hætti. Karl vakti athygli á að ljósleiðaravæðing er eitt af mikilvægum grundvallarhagsmunamálum sem unnið er að. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um þjónustukort sem Karl telur að geti orðið umtalsvert hagsmunamál fyrir sveitarfélögin. Það má nú finna á heimasíðu Byggingastofnunar, þar sem fylgjast má með framgangi þess máls.

Kjarasamningsgerð er eitt af stóru verkefnum Sambandsins en það hefur fullnaðarumboð til að gera samninga við 64 stéttarfélög. Framundan er undirbúningur kjarasviðs fyrir næstu kjarasamningagerð og munu fulltrúar þess fara um landið til að vinna að undirbúningnum. Herskáar yfirlýsingar nýrrar forystu stórra verkalýðsfélaga vekja ákveðinn ugg um það sem kunnir að verði viðfangsefni næstu samningagerðar.

Karl gerði einnig málefni sem snúa að fyrirhugaðri stofnun miðhálandisþjóðgarðs að umtalsefni sínu og nefndi ýmis brýn verkefni sem er verið að vinna að eða eru framundan hjá Sambandinu.

Gott samstarf Íbúðalánasjóðs og Sambandsins væri líka ánægjulegt og hvatti Karl fundarmenn til að fylgjast með því starfi sem framundan er.

Næst bað fundarstjóri Björn Ingimarsson fulltrúa gestgjafa að kynna dagskrá kvöldsins. Björn sagði hana hefjast kl. 17:30 í óvissuferð. Reiknað væri með að mæta til kvöldverðar á Hallormsstað um kl. 20:00. Nokkur leynd hvíldi því yfir því sem framundan er.

Sigrún Blöndal tók til máls og færði þakkir fyrir hinar ýmsu bjargir sem hafa verið á vegi hennar sem formanns SSA og auðveldað formannsstarfið.

13:35 – 13:45

Kjörbréfanefnd og nefndanefnd

Anna Alexandersdóttir, formaður kjörbréfanefndar fór yfir kjörbréfin og kynnti fulltrúa sveitarfélaganna. Hún bað menn að standa upp um leið og nöfn þeirra voru lesin, þar sem svo margir nýir fulltrúar sækja þingið. Alls eru fulltrúar 36, *þingskjal 15*.

Eydís Ásbjörnsdóttir kynnti niðurstöðu vinnu nefndanefndar. Hún tilgreindi jafnframt hvar hver nefnd mun starfa, *þingskjal 16*.

Skipað hefur verið í nefndir á aðalfundinum með eftirfarandi hætti:

Byggða- og atvinnumálanefnd

Sigríður Bragadóttir, formaður
Heimir Gylfason
Ívar Dan Arnarson
Eydís Ásbjörnsdóttir
Ragnar Sigurðsson
Gunnhildur Ingvarsdóttir

Allsherjar- og samstarfsnefnd

Björn Ingimarsson, formaður
Gauti Jóhannesson
Jón Björn Hákonarson
Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir
Pálína Margeirsdóttir
Björg Björnsdóttir
Berglind Harpa Svavarsdóttir
Jakob Sigurðsson
Teitur Helgason

Mennta- og menningarmálanefnd

Rúnar Gunnarsson, formaður
Sigurður Ólafsson
Magni Þór Harðarson
Dýrunn Pála Skaftadóttir
Steinar Ingi Þorsteinsson
Hrefna Hlín Sigurðardóttir

Umhverfis- og samgöngunefnd

Einar Már Sigurðarson, formaður
Jens Garðar Helgason
Rúnar Már Gunnarsson
Birta Sæmundsdóttir
Kristjana Sigurðardóttir
Anna Alexandersdóttir
Gunnar Jónsson
Þorbjörg Sandholt
Elvar Snær Kristjánsson
Þórunn Hrund Óladóttir
Björn Heiðar Sigurbjörnsson

Nefndanefnd

Eydís Ásbjörnsdóttir, formaður
Andrés Skúlason
Margrét Guðjónsdóttir

Kjörnefnd

Stefán Grímur Rafnsson, formaður
Hákon Hansson
Þorbjörg Sandholt

Fjárhagsnefnd

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, formaður
Karl Óttar Pétursson
Guðlaugur Sæbjörnsson

Kjörbréfanefnd

Anna Alexandersdóttir, formaður
Jón Björn Hákonarson
Þórunn Hrund Óladóttir


Laganefnd

Stefán Bogi Sveinsson, formaður
Hulda Sigrún Guðmundsdóttir
Vilhjálmur Jónsson

13:45- 14:05

Sóknaráætlun og tenging við byggðaáætlun
Hólmfríður Sveinsdóttir sérfræðingur í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu

Hólmfríður byrjaði á að færa þinginu kveðjur Sigurðar Inga Jóhannssonar, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, en hann komst ekki á fundinn vegna ríkisstjórnar- og ríkisráðsfunda. Hún kynnti svo lög um byggðaáætlun og sóknaráætlun og tengingu þeirra við aðrar áætlanir sem unnið er eftir.



Í byggðaáætlun er lögð sérstök áhersla á svæði þar sem fólksfækkun hefur verið samfelld lengi. Þar er m.a. yfirlýsing frá stjórnvöldum um að jafna aðgengi að þjónustu og tækifæri til atvinnu. Stefnt er að því að árið 2022 verði 10% starfa ráðuneyta án staðsetningar. Hvað varðar fjármögnun aðgerða er um þrenns konar fjármögnun að ræða, fjármögnun á hendi byggðaáætlunar sjálfar, byggðaáætlunar og viðkomandi málaflokks og eingöngu viðkomandi málaflokks. Sóknaráætlun landshlutanna sem fjallað er um í 4. gr. laganna er stefnumarkandi áætlun fyrir hvern landshluta. Hólmfríður fór yfir aðgerðir á hendi einstakra ráðuneyta undir sóknaráætlun, en eðli hlutarins vegna eru þau langflest á vettvangi samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins. Í júní voru samþykkt lög þar sem kveðið er á um samræmingu áætlana á vegum samgöngu- og sveitarstjórnaráðuneytisins. Samkvæmt lögum skal skipa byggðamálaráð sem er nýtt ráð sem verið er að skipa í um þessar mundir. Hjá ráðuneytinu er unnið að því að hrinta byggðaáætlun í framkvæmd en þar eru mörg verkefni sem hefja þarf vinnu við sem fyrst. Hólmfríður ræddi svo sóknaráætlunir og sagði góðan áfanga hafa náðst þegar samningar um þær voru gerðar til 5 ára. Verið að leggja mat á árangur af sóknaráætlunum en þeim er að ljúka um þessar mundir og verið er að undirbúa nýja samninga. Jafnframt þarf að vinna að því að tengja byggðaáætlun við sóknaráætlun. Hún kynnti að lokum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

Að því búnu sagðist hún tilbúin að svara spurningum, en engar komu fram.

14:05 – 15:00
Millipinganefnd

14:05- 14:25
Millipinganefnd skýrir tillögur sínar um stjórnunar- fyrirkomulag og samstarf við Austurbrú.

Arnbjörg Sveinsdóttir kynnti tillögur millipinganefndar en í upphafi sagði hún frá að þetta væri 31. aðalfundur SSA sem hún hefði mætt á, enda teldi hún þetta mikilvægan og ánægjulegan vettvang til skoðanaskipta og samráðs fyrir sveitarstjórnir í landshlutanum. Síðan 1986 hefur Arnbjörg mætt á alla fundi nema tvo.

Einar Már Sigurðarson og Árni Kristinsson sátu með Arnbjörgu í millipinganefndinni. Jóney Jónsdóttir, verkefnastjóri vann með nefndinni. Þar sem margir nýir fulltrúar eru í sveitarstjórnunum hóf Arnbjörg mál sitt á að kynna hvað annars vegar SSA stendur fyrir og hins vegar Austurbrú. SSA eru landshlutasamtök sem hafa stefnumótandi hlutverk sem samstarfsvettvangur sveitarfélaga í fjórðungnum. Á síðari árum er landshlutasamtakanna víðar og víðar getið í lögum sem samráðsaðila í áætlunargerð og verkefnum. Austurbrú sem er stoðstofnun með fag- og þjónustuhlutverk varð til 2012 og var og er merkilegt framtak þar sem sameinað var starf m.a. Þekkingarnetsins, Þróunarfélagsins og Menningarráðs landshlutans auk þess sem fjöldi stofnana og félagasamtaka kom að stofnun Austurbrúar.

Markmið með vinnu millipinganefndar var að skýra stöðu annars vegar SSA og hins vegar Austurbrúar og ná fram skipulagi sem er hentugt fyrir samstarf þessara aðila og skýrir fjárhagsleg tengsl betur. Tryggja þarf að boðleiðir séu skýrar gagnvart sveitarfélögum og ríkisvaldinu. Nauðsynlegt er að samræma samþykktir SSA og skipulagsskrá Austurbrúar.

Tillaga nefndarinnar er að áfram verið samið við Austurbrú um verkefni með þjónustusamningum en verkefnastjóri sem nú er starfsmaður Austurbrúar verði framvegis skipulagslega staðsettur beint undir stjórn SSA. Eins og málum er nú farið hefur verkefnastjórinn tvo yfirmenn, framkvæmdastjóra Austurbrúar og stjórn SSA. Þetta er meira formbreyting en eðlisbreyting á samstarfi SSA og Austurbrúar og á í raun ekki að breyta öðru en formlegu boðvaldi yfir verkefnisstjóra sveitarstjórnarmála.

Tillaga nefndarinnar gengur því út á breytingu á samþykktum SSA hvað varðar ráðningu starfsmanns. Nefndin telur rétt að skerpa á því að formaður verði talsmaður samtakanna út á við og gagnvart t.d. ríkisvaldi, en það kallar að mati nefndarinnar á að starfshlutfall formanns verði aukið og tillaga þeirra er að það verði aukið úr 9% í 15-25%. Nefndin leggur áherslu á að styrkja þurfi tengsl stjórnar SSA og Austurbrúar og gerir tillögu um breytingu á 8. grein samþykta SSA í þessu skyni.

Jafnframt leggur nefndin til breytingu á tíma- setningu á aðalfundi SSA, þannig að hann verði á sama degi og ársfundur Austurbrúar, en jafnframt verði tveggja daga haustþing þar sem málefnastarf fer fram með líkum hætti og nú er gert á aðalfundum á haustin.

14:25-15:00 Umræður

Einar Már Sigurðarson, fulltrúi í millipinganefnd, kvaddi sér hljóðs en hann á eins og Arnbjörg langan feril sem fulltrúi á aðalfundum SSA. Einar lagði áherslu á að vandað yrði til verka við næstu skref í því starfi sem millipinganefnd hefur unnið. Sagði hann frá kynningarfundum sem haldnir hafa verið um þessar tillögur. Þar hefðu komið fram ólíkar skoðanir. Því væri mikilvægt að vanda sig í afgreiðslu málsins, því allir vildu efla Austurbrú og hennar störf og skila vandaðri vinnu í þágu fólksins í fjórðungnum.

Stefán Bogi Sveinsson tók til máls og minnti á tillögu sem hann flutti fyrir á fundinum og þakkaði fyrir góða kynningarfundum nefndarinnar. Hann sagðist ekki fyllilega sammála tillögu nefndarinnar, þó vinna hennar væri góð og skýrslan góð og vildi því gera grein fyrir sinni skoðun. Hann sagðist ekki viss um að hér væri farin lögmæt leið. Taldi hann að liggja þyrfti fyrir meira samtal við Austurbrú og jafnvel drög að samningum milli SSA og Austurbrúar, áður en tillaga millipinganefndar verður afgreidd. Því hefði hann kynnt og flutt tillögu sína hér fyrir á fundinum. Tillaga Stefáns Boga er í megindráttum sú að sá hluti af tillögu millipinganefndar sem varðar starfsmannamálum verði vísað til næsta aðalfundar SSA og ný stjórn noti tímann á milli aðalfunda til að fara í viðræður við stjórn Austurbrúar.

15:00-15:15 Kaffihlé

15:15-17:15 Nefndastörf/ályktanir

17:30-23:30 Dagskrá heimamanna, hátíðarkvöld- verður, ávarp heiðursgests og afhending menningarverðlauna SSA

8. september

09:00-12:00 Afgreiðsla mála

Skýrsla stjórnar.

Ársreikningur SSA 2017.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2018.

Fjárhagsáætlun SSA fyrir árið 2019.

Fundarstjóri bauð menn velkomna til framhalds aðalfundarins kl. 9:10 og kynnti að í upphafi yrðu auk skýrslu stjórnar kynntar tillögur fjárhagsnefndar.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, formaður fjárhagsnefndar, kynnti niðurstöður nefndarvinnunnar, (*Þingskjal 17-19*), en nefndin hafði til skoðunar ársreikning SSA 2017, skoðunarbréf 2017, fjárhagsáætlun SSA 2019, árgjöld sveitarfélaga, endurskoðaða reikninga Minningarsjóðs Ragnhildar og Stefáns Péturssonar, ársreikning Atvinnuþróunar- sjóðs Austurlands og tillögur millipinganefndar um aukið starfshlutfall formanns og breytt aðalfundar- fyrirkomulag. Vakti hún athygli á athugasemdum endurskoðenda og skoðunarmanna t.d. vegna málarekstrar út af almenningssamgöngum. Vísaði hún til þess að þessi gögn væri að finna á heimasíðu SSA.

Ársreikningur SSA svo borinn upp og samþykktur. Tillaga að framlögum og árgjöldum borin upp og samþykkt.

Fjárhagsáætlun 2019 svo borin upp og samþykkt. Álit fjárhagsnefndar einnig borið upp og samþykkt.

Nefndaálit og tillögur

Mennta- og menningarmálanefnd

Rúnar Gunnarsson, formaður mennta- og menningarmálanefndar, kynnti ályktanir nefndarinnar.

Jens Garðar Helgason tók til máls og lagði til að liðurinn Söfn og fornminjar yrði færður undir liðinn „Varðveisla menningarminja“.

Jens Garðar taldi ekki merkingarmun á orðinu Austfirðir og Austurland í heiti Háskólaseturs Austfjarða.



Jens Garðar taldi rétt að fræðslumál, sem væru eins umfangsmikill liður og raun ber í rekstri hvers sveitarfélags, fengju meira rými í umfjöllun á vettvangi sveitarstjórnarmála. Hann taldi að sveitarstjórnarmenn á Austurlandi ættu að gefa þessum málaflokki aukinn gaum. Hann nefndi m.a. nýtingu húsnæðis og kjaramál. Hann ræddi sérstaklega samninga við kennara sem undanfarið hafa verið til skamms tíma í hvert sinn.

Jón Björn Hákonarson tók undir með Jens Garðari og ræddi m.a. endurskoðun á menntastefnu sem fyrir liggur. Beindi hann því til nýrrar stjórnar SSA að undirbúa umfjöllun um menntamál í fjórðungnum og að þau verði rædd á breiðum grunni, bæði hvað varðaði grunn- og framhaldsskólana. Hann ítrekaði einnig mikilvægi áframhaldandi uppbyggingar og styrkingar verknáms á framhaldsskólastigi í fjórðungnum.

Gengið var til afgreiðslu tillagna og fyrst borin upp breytingatillaga Jens Garðars um að sameina kafla

um menningarminjar og söfn og fornminjar og var hún samþykkt.

Tillögur mennta- og menningarmálanefndar síðan bornar upp í heild með áorðnum breytingum og þær samþykktar mótakvæðalaust.

Menningarmiðstöðvar

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 harmar að ár eftir ár skuli menningarmiðstöðvar á Austurlandi, lykilstofnanir í austfirsku menningarlífi, vera fjársveltar. Það stendur starfi þeirra og framþróun fyrir þrifum og stöðugt ríkir óvissa um rekstrarforsendur.

Ein af meginforsendum jákvæðrar íbúabróunar er að tryggja sem jafnast aðgengi að menningu eins og fjallað er um í nýrri byggðaáætlun.

Jafnframt er lögð áhersla á að samstarf við þjóðmenningarstofnanir verði þróað áfram og eftl.

Fundurinn skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að gefa út skýra stefnu um framtíð og stöðu menningarmiðstöðva á Austurlandi.

Varðveisla menningarminja

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 hvetur ríki og sveitarfélög til þess að huga betur að menningarverðmætum í héraði og tryggja sem best að mikilvægum menningarminjum verði ekki raskað. Menningartengd ferðaþjónusta vex stöðugt í landshlutanum. Fornleifaskráning og varðveisla menningarminja eru mjög þýðingarmiklir þættir í uppbyggingu þessarar vaxandi atvinnugreinar sem og að tryggt sé að sögulegar heimildir glattist ekki, því þarf að tryggja verkefnum, á borð við fornleifauppgröft í Stöðvarfirði, nægt fjármagn. Mörg tækifæri felast í verkefnum um verndarsvæði í byggð og í átaki stjórnvalda um friðlýsingar. Brýnt er að tryggð verði fjármögnun þeirra.

Ennfremur hvetur aðalfundurinn mennta- og

menningarmálaráðuneytið og Alþingi til að beita sér fyrir breytingum á þjóðminjalögum svo að meginreglan verði sú að fornminjar séu til sýnis í þeim landshluta sem þær finnast. Ábyrgðarsöfnum í hverjum landshluta verður að tryggja fjármagn til þess að varðveita og sýna slíka muni.

Starfsemi RÚV á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á RÚV ohf. að tryggja öfluga fréttamiðlun landshlutans í samræmi við markmið byggðaáætlunar. Þrátt fyrir yfirlýsingar um eflingu þjónustu á Austurlandi, hefur raunin orðið önnur. Styrkja þarf öfluga fréttapjónustu og dagskrárgerð í landshlutanum og bæta við fullu stöðugildi starfsmanns sem hefði einnig það hlutverk að nýta nýja möguleika í fjölmiðlun svo sem gerð hlaðvarpsþátta.

Menntun á framhaldsskólastigi

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 lýsir áhyggjum af stöðu fram-

haldsskóla á Austurlandi. Fundurinn leggur áherslu á að skólarnir fái tækifæri til að þróa starfsemi sína til að mæta þeim áskorunum sem fylgja rekstri fámennra skóla í dreifðum byggðum s.s. með þróun Fjarmenttaskólans og samstarfi við framhaldsfræðsluna. Mikilvægt er að á Austurlandi bjóðist fjölbreytt nám sem stenst samanburð við það besta sem gerist og að stofnunum landshlutans verði gert kleift að vinna saman að mótun þjónustu í samræmi við menntunarþarfir íbúa á Austurlandi. Tryggja þarf skólunum fjármagn sem gerir þeim þetta kleift.

Þá er ekki síður mikilvægt að á Austurlandi sé boðið upp á nám sem tengist fjölbreyttum möguleikum svæðisins. Sérstaklega er brýnt að sem fyrst verði lokið við endurskoðun námskrár verknáms og að til hliðsjónar verði haft þjóðhagslegt mikilvægi þess.

Háskólamenntun og rannsóknir

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 ítrekar fyrri ályktanir um að verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins. Þetta er algjörlega óviðunandi og fundurinn krefst þess að aðstaða Austurlands verði sambærileg við það sem gerist í öðrum landshlutum. Fjarlægðir milli byggðakjarna og erfiðar samgöngur kalla á dreifða þjónustu. Hlutfall háskólamenntaðra á Austurlandi er töluvert undir landsmeðaltali. Það er því ekkert sem rökstyður að Austurland þurfi minna fé til þessara mála en aðrir landshlutar heldur þvert á móti. Fundurinn fagnar því skrefi sem stigið hefur verið að stofna formlega Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Egilsstöðum. Skorað er á stjórnvöld að auka hlut Austurlands í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum hins opinbera t.d. með því að fjölga opinberum rannsóknatengdum störfum á svæðinu m.a. með samstarfi við Austurbrú og háskólana.

Fundurinn leggur áherslu á að mennta- og menningarmálaráðuneytið komi að uppbyggingu Háskólaseturs Austfjarða og bindur vonir við að vel takist til.

Fjarnám á háskólastigi

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á ríkisvaldið að sjá til þess að fyrsta gráða á háskólastigi sé skilgreind sem

grunnþjónusta. Fundurinn fagnar þeirri áherslu sem fram kemur í nýrri byggðaaætlun um fjölbreytt framboð námsleiða í fjarnámi. Jafnframt er skorað á háskólastigið að móta sér skýrari stefnu varðandi fjarnám og fjölga þeim námsleiðum sem í boði eru s.s. í grunnnámi og endurmenntun á háskólastigi. Skipulagi þess verði þannig háttað að það sé raunhæfur kostur fyrir nemendur. Nemendur nýta sér í síauknum mæli möguleika til að stunda fjarnám í heimabyggð. Því skorar fundurinn á ríkisvaldið að veita auknum fjármunum til Austurbrúar til að tryggja aðstöðu og stuðning sem auðveldar þessum nemendum að sækja nám hér á landi og erlendis.

Framhaldsfræðsla

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á stjórnvöld að auka möguleika fólks á vinnumarkaði til að sækja sér endurmenntun heima í héraði. Nauðsynlegt er að grunnfjárveiting til framhaldsfræðslunnar hjá Austurbrú tryggi að til staðar sé dreifð þjónusta og nám í samræmi við þarfir íbúa um allt Austurland. Þá er áriðandi að reglur um fjárveitingar til íslenskukennslu fyrir innflytjendur taki mið af landfræðilegum aðstæðum og ólíkum þörfum byggðarlaga. Vakin er athygli á þeirri staðreynd að reglur um lágmarkspáttökufjölda í námshópum er hamlandi fyrir þessa starfsemi á Austurlandi og veldur því að ekki er hægt að sinna henni sem skyldi.

Lýðháskóli

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á mennta- og menningarmálaráðherra að flýta vinnu við gerð frumvarps til almennrar löggjafar um lýðháskóla á Íslandi í samræmi við samþykktu þingsályktun Alþingis frá 2. júní 2016. Markmið löggjafarinnar verði eins og segir í tillögunni að gera lýðháskóla að viðurkenndum valkosti í menntun sem njóti lagalegrar umgjarðar og stuðnings hins opinbera. Á Seyðisfirði starfar lýðháskóli á listasviði, LungA skólinn, sem hóf starfsemi árið 2014. Nauðsynlegt er að tryggja lagalega og fjárhagslega umgjörð starfseminnar.

Stoð- og grunnþjónusta leik- og grunnskóla

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8.

september 2018 leggur áherslu á mikilvægi þess að stoðþjónusta leik- og grunnskóla á svæðinu verði eflid. Fundurinn beinir því til stjórnar Skóla- skrifstofu Austurlands að leita leiða, í samráði við fulltrúa fræðslu- og félagsþjónustusviða sveitarfélaganna og HSA, til að fjölga úrræðum sem skólastofnunum, nemendum og forráðamönnum standa til boða.

Jafnframt er nauðsynlegt að Samband íslenskra sveitarfélaga og menntamálastofnun vinni saman að miðlun þekkingar og bestu aðferða við kennslu tvítýngdra nemenda, á íslensku og móðurmáli nemanda.

Verk- og starfsnám á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 beinir því til stjórnar að koma á samstarfi við Samtök atvinnulífsins og mennta- og menningarmálaráðuneytið um að Austurland verði tilraunaverkefni í uppbyggingu í verk- og starfsnámi. Samstarfi verði komið á í gegnum Austurbrú, Verkmenntaskóla Austurlands, Menntaskólann á Egilsstöðum og Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað. Tilgangur verkefnisins er að standa vörð um og auka fagmenntun í verk- og starfsnámi, sem og að koma á auknu framboði á lögbundnum styttri námsbrautum í starfsnámi. Nám sem hægt er að aðlaga að einstaklingnum sjálfum í tengslum við atvinnulíf og innviði Austurlands.

Fundurinn fagnar því að Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað hefur fengið tækifæri til áframhaldandi þróunar náms í skólanum og til að laga það að námskrá framhaldsskóla. Námið er hagnýtt og nýttist sem undirstaða fyrir fjölbreytt nám í matvælagreinum, þjónustu og köpun. Skorað er á mennta- og menningarmálaráðuneytið að taka regluverk gagnvart minni sérhæfðum skólaeiningum til endurskoðunar.

Byggða- og atvinnumálanefnd

Sigríður Bragadóttir, formaður byggða- og atvinnumálanefndar, kynnti ályktanir nefndarinnar:

Jens Garðar Helgason sagði það vekja athygli hans hversu litla umfjöllun sjávarútvegurinn fengi í ályktunum nefndarinnar. Hann nefndi að hann væri mótfallinn ríkisrekinni skógrækt, hann teldi

slíkt eiga að vera á hendi einkaaðila. Hann ræddi að mikil umfjöllun væri í ályktun um ríkisjarðir, en sú staðreynd sem fengi mikla umfjöllun á landsvísu í augnablikinu, þ.e. uppkaup erlendra einstaklinga á stórum landsvæðum, væri ekki nefnd á nafn í þeim ályktunum sem byggða- og atvinnumálanefnd legði fram og vísaði m.a. til uppkaupa stóreignaaðila á landsvæðum í Vopnafirði. Hann vísaði til aðgerða nágrannaþjóða m.a. á Norðurlöndum í þessu sambandi. Hann lagði fram og kynnti breytingatillögu sem viðbót við fyrirleggjandi ályktanir.

Björg Björnsdóttir tók undir með Jens Garðari varðandi uppkaup erlendra aðila á jörðum eða landsvæðum. Björg lagði jafnframt fram tillögu um eftirfarandi viðbót við ályktun nefndarinnar um skógrækt.

Stuðningur við skógrækt er byggðaaðgerð en einnig afar áhrifarík leið til að Ísland geti mætt skuldbindingum sínum í loftslagsmálum. Hún lagði jafnframt til viðbót við ályktun um ferðaþjónustu og viðbót við ályktun um dreifingu raforku.

Jens Garðar Helgason tók aftur til máls og sagði varðandi skógrækt, að hann tryði því að skógrækt á Íslandi yrði enn öflugri ef hún væri einstaklingsdrifin og ekki mætti skilja hann svo að hann væri á móti skógrækt, hann væri aðeins á móti þeirri ríkisreknu framkvæmd sem hér væri stunduð. Hann teldi mikinn kraft í íslenskum skógarbændum og ekki þyrfti ríkisstuðning að baki þeirri starfsemi. Hann benti á að íslenskur sjávarútvegur væri eina atvinnugreinin á Íslandi sem þegar hefði náð viðmiðum Parísarsáttmálsans.

Stefán Bogi Sveinsson gerði breytingartillögu Jens Garðars um uppkaup á jörðum að umtalsefni og vísaði til þess að tillögur hefðu verið lagðar fram á fyrri degi aðalfundarins og best væri að viðbótar- tillögur kæmu fram þá svo hægt væri að ræða þær í nefndum. Hann væri þó í öllum meginatriðum sammála inntaki tillögunnar og því að þarft hefði verið að taka málefnið til umfjöllunar á fundinum. Hann hefði viljað að fjallað hefði verið um efnið á grundvelli hugmyndar um landnýtingu almennt.

Heimir Gylfason lagði fram breytingartillögu við tillögu nefndarinnar um sjávarútveg.



Jens Garðar ræddi í kjölfar ummæla Stefáns Boga Sveinssonar orðalag tillögu um uppkaup á jörðum og taldi þar skipta máli hvort um væri að ræða Íslendinga eða erlenda aðila. Hann vísaði þar m.a. til Landsvirkjunar og sjávarútvegsins sem hann vildi ekki sjá í erlendum höndum. Jens Garðar taldi að ef ekki mætti leggja fram tillögur sem vakna við kynningu á ályktunum á síðari degi aðalfundar þyrfti það að koma fram hjá fundarstjóra.

Jón Björn Hákonarson ræddi ríkisjarðir og það hversu lengi hefur dregist að grípa inn í þann vanda sem þar hefur skapast. Í tengslum við umræðuna um uppkaup jarða lýsti hann yfir áhyggjum af að landið væri að fara úr landbúnaðarnotum og erfitt að sjá að sú þróun myndi snúast við. Hann gerði að tillögu sinni að tillagan um uppkaup væri einfölduð og lýst yfir þungum áhyggjum af stórfelldum uppkaupum á jörðum án þess að tilgreina hvort þar sé um að ræða innlenda eða erlenda kaupendur.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir ræddi tillögu Jens Garðars um uppkaup á jörðum og benti þar á að uppkaup jarða, hvort sem er á hendi innlendra eða erlendra aðila, gæti skapað þá stöðu í framtíðinni að bændur yrðu leiguliðar og slíkt gæti hamlað framþróun landbúnaðar til lengri tíma. Hún lýsti yfir stuðningi við tillöguna og taldi hana eiga fullkominn rétt á sér á þessum vettvangi.

Elvar Snær Kristjánsson gerði að tillögu að orðið „aðeins“ í textanum ... aðeins 10% íbúa... í tillögu um húshitunarkostnað væri tekið út.

Gauti Jóhannesson gerði uppkaup á jörðum að umfjöllunarefni og hefði viljað að í tillögunni væri fremur orðað að mikilvægt væri að ríkisvaldið endurskoðaði gildandi reglur. Hann fagnaði því að ályktunin um fiskeldi hefði ekki verið rædd frekar, hann teldi hana mikilvæga og hófstilla.

Sigríður Bragadóttir sagði sig eina af þeim seku sem hefði selt jörðina sína til erlends aðila. Hún vitnaði til framkvæmdar á regluverki í Danmörku en hér væri ekki skýrt regluverk, það væri mikilvægt að menn gætu ekki keypt ótakmarkað landrými. Hún skýrði stöðu landeigenda sem stæðu á þeim tímamótum að vilja hætta búskap eins og það hefði horft við sinni fjölskyldu.

Jens Garðar ræddi orð Sigríðar og sagði að það gæti komið landbúnaði vel að erlendir bændur keyptu jarðir til búskapar, hér væri ekki um að ræða slík uppkaup, menn væru að kaupa upp heilu og hálfu dalina og fjórðungana, menn væru að kaupa laxveiðiréttindi, og það væru slík uppkaup sem hann teldi mikilvægt að bregðast við.

Heimir Gylfason ræddi sölu bújarða og taldi að með þeirri stöðu sem væri að skapast í sveitum værum við að stefna í lénsherrakerfi – leiguliðakerfi, en á Íslandi vildum við geta byggt á sjálfstæði íslenskra bænda. Varðandi fiskeldið taldi hann mikilvægt að þess væri krafist að ríkisvaldið setti skýrar reglur um ábyrgð.

Gengið til atkvæðagreiðslu um ályktanirnar – fundarstjóri bar einstakar ályktanir upp:

Samningur um sóknaráætlun

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 ítrekar fyrri ályktanir um nauðsyn þess að ríkisvaldið leggi umtalsvert meira fé til samningsins frá öllum ráðuneytum sem koma að sóknaráætlun. Það er forsenda þess að markmið samningsins náist. Veruleg ástæða er til að hafa áhyggjur af afdrifum mennta- og menningarmála og því mikla faglega starfi sem unnið hefur verið í þessum málaflokki ef ekki verður bætt úr. Einnig er brýnt að hið opinbera mæti þeim umsýslukostnaði sem leiðir af kröfum ríkisins til landshlutanna.

Samþykkt samhljóða.

Flutningskerfi raforku

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 ítrekar nauðsyn þess að Landsnet og Rarik styrki flutningskerfi raforku. Undanfarin ár hefur óstöðugleiki og skortur á orku háð atvinnuuppbyggingu og starfsemi fyrirtækja sem reiða sig á raforku á Austurlandi. Aðgangur að þriggja fasa rafmagni er afar mikilvægur þáttur í atvinnuuppbyggingu hinna dreifðu byggða. Brýnt er að samnýta framkvæmdir við lagningu ljósleiðara og þriggja fasa rafmagns í dreifbýli.

Fundurinn hvetur Byggðastofnun til að hraða vinnu við gerð þjónustukorts, sem er verkefni í nýrri byggðaáætlun, er sýni með myndrænum hætti

aðgengi landsmanna að þjónustu hins opinbera og einkaaðila. Slíkt kort mun án efa leiða fram með óyggjandi hætti þá veikleika í grunnþjónustu sem er að finna á Austurlandi.

Breytingartillaga borin upp og samþykkt samhljóða. Framangreind tillaga með breytingartillögu borin upp og samþykkt samhljóða.

Jöfnun húshitunarkostnaðar

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 hvetur stjórnvöld til að koma á jöfnun húshitunarkostnaðar, sérstaklega með tilliti til þess að 10% íbúa landsins búa við skert búsetu-skilyrði af þessum sökum.

Framkomin breytingartillaga borin upp og samþykkt samhljóða. Tillagan með breytingartillögu borin upp og samþykkt samhljóða.

Búseturöskun í dreifbýli

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 lýsir þungum áhyggjum af stöðu sauðfjárbúskapar sem leitt hefur til búseturöskunar. Mikilvægt er að markviss þróunar- og rannsóknarstarfsemi eigi sér stað til að styrkja búsetu innan viðkomandi svæða.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Sjávarútvegur

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 telur mikilvægt að stjórnvöld tryggji að sjávarútvegur, einn undirstöðuatvinnuvega Austurlands, búi við stöðugleika og skýra framtíðarsýn. Mikilvægt er að allri opinberri gjaldtöku sé stillt í hóf svo hún hamli ekki uppbyggingu greinarinnar.

Framkomin breytingartillaga borin upp og samþykkt – einn var á móti. Tillagan með breytingartillögu borin upp og samþykkt án mótkvæða.

Fiskeldi

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 leggur áherslu á mikilvægi þess að skapa heilbriggt og hvetjandi umhverfi fyrir fjölbreytta atvinnuuppbyggingu í fjórðungnum.

Fiskeldi getur orðið ein af burðarstöðum atvinnulífs á Austfjörðum og þarf líkt og aðrar atvinnugreinar starfsumhverfi sem er skýrt og stöðugt til langs tíma. Mikilvægt er að opinbert eftirlit, leyfisveitingar og umsóknarferli sé skilvirkt og gagnsætt og byggja á bestu fánlegu upplýsingum.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Ferðaþjónusta

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 hvetur stjórnvöld til að einfalda stjórnsýslu ferðamála. Ríkið þarf að tryggja sveitarfélögum fjármagn til að sinna þeim verkefnum sem þeim eru falin, t.a.m. markaðssetningu landslutans, upplýsingaveitu fyrir ferðamenn og uppbyggingu innviða. Sú ákvörðun yfirvalda, sem fram kemur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar, að láta gistináttagjaldið renna alfarið til sveitarfélaga, er mikilvægt fyrsta skref í þá átt. Fundurinn ítrekar mikilvægi þess að framfylgt verði stefnu stjórnvalda um dreifingu ferðamanna og opnun annarra fluggátta inn í landið.

Framkomin breytingartillaga borin upp og samþykkt samhljóða. Tillagan með breytingartillögu borin upp og samþykkt samhljóða.

Skógrækt

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 hvetur stjórnvöld til að auka framlög til skógræktar þannig að mögulegt verði að standa við skuldbindingar varðandi plöntun og umhirðu nytjaskóga sem og að gera nauðsynlega skógarplöntuframleiðslu mögulega. Stuðningur við skógrækt er byggðaaðgerð en einnig sérlega áhrifarík leið til að tryggja að Ísland geti mætt skuldbindingum sínum í loftslagsmálum.

Framkomin breytingartillaga borin upp og samþykkt, 1 var á móti. Tillagan með breytingartillögu borin upp og samþykkt, 3 voru á móti.

Ráðstöfun ríkisjarða

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 bendir á að jarðir í eigu opinberra aðila, ríkisjarðir og þar á undan þjóð- og kirkjujarðir, hafa um aldir gegnt veigamiklu hlutverki í landbúnaði og byggðapróun á Íslandi. Aðgengi að

ábúðarjörðum er mikilvæg nýliðun í landbúnaði, enda ljóst að erfitt er að hefja búskap með kaupum á bújörð. Ekki er ásættanlegt að bújörðum verði skipt þannig að húsakostur, þar með talið öll úti-hús bújarðanna, verði skilin frá landi þeirra. Með því er stofnað til óvissu um nýtingu eignanna sem bújarða til framtíðar.

Bent er á þá skilgreiningu jarðalaga að lögbýlisréttur merkir í lögunum sérhverja jörð sem hefur þann húsakost og það landrými eða aðstöðu að unnt sé að stunda þar landbúnað eða aðra atvinnustarfsemi og var skráð í jarðaskrá ráðuneytisins 1. desember 2003. Jafnframt er vísað til þess að VII. kafli jarðalaga og ábúðarlög nr. 80/2004 fjalla með almennum hætti um ráðstöfun ríkisjarða til ábúðar og réttindi og skyldur ábúenda og eigenda jarða. Það er óeðlilegt að íslenska ríkið gangi fyrir með skiptingu og ráðstöfun jarða, sem virðast hafa það að markmiði að fara í kringum almennar reglur laga.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Viðbórtillaga um uppkaup jarða

Aðalfundur lýsir yfir þungum áhyggjum af stórfelldum uppkaupum á jörðum og hvetur stjórnvöld til að móta strax regluverk í samræmi við það sem þekkist m.a. á Norðurlöndunum.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

Umhverfis- og samgöngunefnd

Einar Már Sigurðarson, formaður nefndarinnar kynnti og lagði fram tillögur umhverfis- og samgöngunefndar. Þakkaði hann nefndarfólki fyrir gott starf. Las hann síðan inngang nefndarinnar að ályktunum, en kynnti að öðru leyti aðrar tillögur nefndarinnar og sérstaklega breytingar og viðbætur við fyrri ályktanir.

Björg Björnsdóttir ræddi ályktun um flugsamgöngur og kynnti lítilsháttar breytingu á orðalagi.

Jens Garðar fagnaði þeirri samstöðu sem hefði náðst í nefndinni um þau mikilvægu mál sem um væri fjallað í þessari nefnd. Hann hvatti alla sem geta til að styðja umfjöllun og afgreiðslu Alþingis á „skosku leiðinni“ sem hann taldi hið stóra mál

landsbyggðarinnar sem mikilvægt væri að ljúka núna.

Einar Már tók undir með Jens og Björgu varðandi þeirra innlegg og mæltist til að orðalag í umræddri ályktun verði lagað og var það gert.

Heimir Gylfason kynnti breytingartillögur varðandi ofanflóðavarnir. Einnig ræddi hann vegaframkvæmdir og vildi leggja meiri áherslu á bundið slitlag til Borgarfjarðar eystri. Auk þess ræddi hann orðalagsbreytingu á texta um viðhald á Suður-fjarðavegi t.d. varðandi Hamarsfjörð.

Sigríður Bragadóttir vildi breyta framkvæmdaröðun varðandi jarðgangnagerð. Hún minnti á að allar leiðir að Vopnafirði væru hálendisleiðir og oft erfitt um samgöngur þangað á vetrum. Varðandi sameiningu sveitarfélaga á svæðinu væri ljóst að Vopnafjörður yrði ekki sameinaður austur fyrir en kæmu göng milli Vopnafjarðar og Héraðs.

Gauti Jóhannesson tók undir með Einari Má og Jens Garðari um mikilvægi þess að nú hefði náðst góð sátt um ályktanir nefndarinnar sem starfar á milli aðalfunda og hvatti til samstöðu um niðurstöður hennar.

Jens Garðar lýsti yfir skilningi á áherslum Sigríðar en skýrði áherslu á aðstöðu Mjófirðinga og óskaði eftir að orðalag ályktunarinnar væri haldið óbreyttu.

Anna Alexandersdóttir ræddi tillögur nefndarinnar og þá vinnu sem samgöngunefnd hefur lagt í ályktanir sínar og náð sátt um og lagði til að tillögur hennar verði samþykktar.

Ívar Dan Arnarson óskaði eftir breytingu á orðalagi um jarðgöng til Seyðisfjarðar.

Andrés Skúlason ræddi tillögur fundarmanna um breytingar á orðalagi og einnig á forgangsröðun verkefna og minnti á fyrra samkomulag um þessi mál. Hvatti hann til samstöðu um málin svo þingmenn og aðrir ráðamenn fái skýr skilaboð um framkvæmdaröðun.

Rúnar Már Gunnarsson sagði að þeir sem nýir væru

þekktu vissulega ekki forsendur fyrri samþykkt. Hann taldi menn á villigötum varðandi fjallveg um Öxi og jarðgöng í gegnum Fjarðarheiði en sagði þó að hann myndi ekki bóka gegn tillögum, en vildi þó koma sinni sýn á framfæri.

Anna Alexandersdóttir taldi mikinn misskilning að meta kostnað við Fjarðarheiði aðeins í ljósi stöðu þeirra sem búa á öðrum endanum. Mat á kostnaði við einstök göng eru ríkisvaldsins, sveitarstjórnarstigsins er að forgangsraða verkefnum og kynna fyrir ríkisvaldinu. Anna ítrekaði að menn standi saman um framkomnar tillögur nefndarinnar, með breytingartillögunni um ofanflóðavarnir.

Jens Garðar sagði menn læra margt af að koma á SSA þing. Hann sýnir því skilning að með nýju fólki komi nýjar hugmyndir en hann telur mikilvægt að fylgja þeirri sátt varðandi jarðgangnamálið sem hefur náðst í málinu og sem birtist í framkomnum ályktunum.

Gunnar Jónsson vildi benda á að afar mikilvægt er fyrir fjórðunginn að standa saman að þessum málaflökki gagnvart ríkisvaldinu. Þau stóru verkefni sem hafa náðst á sviði samgöngumála hafa ekki síst náðst með samstöðu. Þá fáið áheyrn. Hann

ítrekaði að Fjarðarheiðargöng eru gátt inn í landið og stórt byggðamál fyrir fjórðunginn. Biðlaði hann til fundarmanna að koma samstiga út af fundinum varðandi tillögur um samgöngumál.

Jakob Sigurðsson hvatti til að ályktanir nefndarinnar verði samþykktar og menn gangi sáttir frá fundi í samstöðu um niðurstöðuna. Jakob sagði sjálfsgagt eins og fleiri að lagfæra orðalag um ofanflóðavarnir.

Heimir Gylfason sagðist draga þá tillögu sína til baka að færa Borgarfjarðarveg í forgang fram yfir það sem fram kom í tillögum nefndarinnar.

Einar Már Sigurðarson þakkaði umræðuna og taldi ekki farsælt að fara að rugga bátnum nú og hvatti til samstöðu um tillögur nefndarinnar með örlitlum orðalagsbreytingum sem bent hafði verið á og skýra málin betur.

Fundarstjóri stýrði nú atkvæðagreiðslu um tillögurnar og bar upp einstaka liði.

Inngangur

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 vekur athygli á að undanfarin ár hafa nýframkvæmdir og viðhald vega á Austurlandi verið í algjöru lágmarki. Það er fagnaðar efni að auka eigi fjármuni til samgöngumála. Nauðsynlegt er að hlutur Austurlands verði ekki fyrir borð borinn og horft til þess hve rýr hlutur Austurlands hefur verið á síðustu árum.

Fundurinn skorar á Alþingi að stórauka fé til framkvæmda í samgöngum þannig að stefnt verði að því að hlutfall fjárveitinga til málaflöksins verði að lágmarki 2% af vergri þjóðarframleiðslu. Enginn einn málaflökkur er jafn þýðingarmikill fyrir landshlutann, hvort heldur er með tilliti til byggðapróunar, öryggis- og atvinnumála, þ.m.t. ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu eða samkeppnisstöðu. Nauðsynlegt er að fjármögnun gildandi samgönguáætlunar sé tryggð þannig að landsmenn geti treyst því að henni verði fylgt. Fundurinn skorar á stjórnvöld að við gerð næstu samgönguáætlunar verði gert stóráttak í samgöngumálum.

Almennur texti í inngangi borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Jarðgangagerð

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 ítrekar mikilvægi þess að tengja byggðir á Austurlandi með samgöngum til þess að rjúfa vetrareinangrun og efla framtíðarmöguleika svæðisins sem eins atvinnu- og þjónustusvæðis. Tryggja verður, á fjárlögum næsta árs, fjármagn til jarðganga undir Fjarðarheiði á milli Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðar, sem er forgangsverkefni í jarðgangagerð á Austurlandi. Aðstæður í samgöngumálum til og frá Seyðisfirði á veturnum eru algjörlega óviðunandi, í því samhengi er rétt að minna á að Seyðisfjörður er landamæragátt að áfangastaðnum Austurlandi.

Þá þarf að ráðast í rannsóknir sem fyrst á gangakostum á milli Norðfjarðar og Seyðisfjarðar um Mjóafjörð. Lögð er áhersla á að við uppsetningu samgönguáætlunar og gerð fjárlaga verði jarðgangagerð og rannsóknir vegna þeirra fjármagnaðar með sérstökum hætti þannig að aðrar mikilvægar framkvæmdir í samgöngumálum landslutans dragist ekki sökum fjárskorts.

Næstu verkefni í jarðgangagerð á Austurlandi eru göng til að tengja annars vegar Borgarfjörð og hins vegar Vopnafjörð við miðsvæðið.



Breytingartillaga Sigríðar Bragadóttur borin upp, 5 samþykkja – felld með þorra atkvæða.

Breytingartillaga Ívars Dan Arnarsonar borin upp, 3 samþykkja – felld með þorra atkvæða.

Breytingartillaga Heimis Gylfasonar borin upp, 5 samþykkja – felld með þorra atkvæða.

Breytingartillaga Einars Más Sigurðarsonar borin upp, samþykkt samhljóða.

Tillagan með samþykktri breytingatillögu borin upp og samþykkt samhljóða.

Þjónusta, nýframkvæmdir, umferðaröryggi og viðhald

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 telur það skipta höfuðmáli að vetrarþjónusta á öllum vegum landshlutans geri fólki kleift að sinna atvinnu, menntun og öðrum erindum innan svæðis án vandkvæða og með sem minnstri fyrirhöfn. Þá verður að tryggja sem best aðgengi, og þar með öryggi allra íbúa á svæðinu, að umdæmissjúkrahúsi og Egilsstaðaflugvelli.

Ekki er síður mikilvægt að staðið verði við þær nýframkvæmdir í landshlutanum sem undirbúna hafa verið síðustu ár og áratugi og komnar voru á samgönguáætlun. Heilsársvegur yfir Öxi er forgangsverkefni í nýframkvæmdum í vegagerð. Þá ber að fagna áframhaldandi framkvæmdum í Skriðdal. Sérstaklega er mikilvægt að hraða lagningu bundins slitlags til Borgarfjarðar eystri. Þá þarf að hefja uppbyggingu á þjóðvegi 1 á í sunnanverðum Fáskrúðsfirði og víðar.

Í ljósi aukins umferðarþunga m.a. vegna ferðamanna, er óboðlegt að ekki sé gætt sérstaklega að umferðaröryggi, hvort heldur er við nýframkvæmdir eða viðhald samgöngumannvirkja. Malarvegir á borð við Upphéraðsveg um Fell, efri Jökuldal, Jökulsárhlið og um Hellisheiði sem og Hlíðarveg eru óboðlegir. Tryggja verður öryggi á vegaköflum inn og út úr landshlutanum, t.a.m. á milli Vopnafjarðar og Þórshafnar og Djúpavogs og Hornafjarðar, s.s. í Hamarsfirði.

Mikilvægt er að við gerð nýrrar samgönguáætlunar

verði gerð áætlun um umferðaröryggi eftir ákveðnum viðmiðum líkt og gert er víða erlendis.

Setja verður byggingu nýrrar brúar yfir Lagarfljót við Egilsstaði í forgang framkvæmda við brúargerð á landinu og ráðast í átak til að fækka einbreiðum brúm í landshlutanum.

Samþykkt samhljóða.

Almenningssamgöngur

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu almenningssamgangna á Austurlandi. Ný lög um farþega- og farmflutninga eiga að tryggja lagalegt umboð til aksturs en óvíst er að þau tryggi möguleika landshlutasamtaka til reksturs almenningssamgangna.

Brýnt er að ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála axli ábyrgð á kostnaði vegna málaferla sem Samband sveitarfélaga á Austurlandi stendur í vegna forsendubrests samnings og ógnar fjárhagslegum grundvelli sambandsins.

Samþykkt samhljóða.

Austurland ljósleiðaravætt

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 ítrekar það sanngirnismál að allir íbúar landsins, hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli, eigi kost á ljósleiðaratengingu sem stenst nútímakröfur. Fjármunir til framkvæmda eru ekki í samræmi við þær áherslur, væntingar og markmið sem samþykkt hefur verið. Tryggja verður nauðsynlegt fjármagn til framkvæmdanna og horfa til byggðasjónarmiða við forgangsöröðun þeirra. Þeirri leið að etja sveitarfélögum saman við úthlutun fjármuna er mótmælt. Það er ófrávikjanleg krafa að ríkisvaldið gegni hlutverki sínu að tryggja grunnþjónustu í fjarskiptum.

Samþykkt samhljóða.

Flugsamgöngur

Egilsstaðaflugvöllur – önnur fluggátt inn í landið. Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 hvetur hið opinbera að tryggja áfram öflugt fjármagn til flugþróunarsjóðs sem ætlað er að styðja flugrekstraraðila sem hyggja á

flug til áfangastaða utan stór-Reykjavíkursvæðis. Mikilvægt er að áfram verði tryggt fjármagn til sjóðsins. Aðeins þannig sýnir hið opinbera í verki vilja sinn til að opnaðar verði aðrar fluggáttir inn í landið með öflugum stuðningi og í því samhengi verði Ísavia sett eigendastefna þannig að allir millilandaflugvellir landsins sitji við sama borð hvað varðar uppbyggingu og viðhald.

Sumarið 2016 var haldið uppi millilandaflugi á milli London og Egilsstaða og reynslan sýnir að Egilsstaðaflugvöllur stendur fyllilega undir slíkri starfsemi. Áfram verði unnið af fullum þunga að markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar af hálfu hagsmunaaðila, s.s. fyrirtækja í ferðaþjónustu, Ísavia, ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi. Jafna verður aðstöðu flugrekstraraðila til kaupa á eldsneyti, hvar sem er á landinu.

Breytingartillaga Bjargar Björnsdóttur samþykkt samhljóða.

Tillagan með framkominni breytingatillögu borin upp og samþykkt samhljóða.

Flugþjónusta og öryggi

Aukin flugumferð til og frá Íslandi krefst þess að ríkisvaldið tryggi nægjanlegt fjármagn til uppbyggingar þannig að Egilsstaðavöllurinn standist kröfur um aukið þjónustustig, öryggi vegna hugsanlegra náttúruhamfara og hlutverk vallarins sem varaflugvallar. Sérstaklega þarf að horfa til framkvæmda við flughlöð, aðflugsljós og endurnýjun á bundnu slitlagi. Tryggja þarf aðstöðu fyrir útgerð þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar á Egilsstaðaflugvelli.

Fundurinn skorar á ríkisvaldið að tryggja fjármuni svo setja meg upp nauðsynleg aðflugsljós á Norðfjarðarflugvelli svo hann geti betur sinnt hlutverki sínu gagnvart sjúkraflugi.

Samþykkt samhljóða.

Innanlandsflug

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 vekur athygli á mikilvægi innanlandsflugs fyrir landshlutann. Skilgreina verður innanlandsflug sem almenningssamgöngur þannig

að flugfargjöld verði á viðráðanlegu verði og lækkuð um helming, svo íbúar landshlutanna geti nýtt sér þjónustuna. Verðlagning innanlandsflugs rýrir búsetukosti Austurlands. Horfa á til hinnar svokölluðu skosku leiðar við niðurgreiðslu hins opinbera á flugfargjöldum, mikilvægt er að ráðherraskipaður starfshópur um rekstur flugvalla innanlands skili álit sem fyrst. Áfram er lögð áhersla á áætlunarflug til Vopnafjarðar með tengiflugi við Akureyri og mikilvægt er að veita áfram nægjanlegu fjármagni til viðhaldsframkvæmda á Vopnafjarðarflugvelli.

Leita verður lausna til framtíðar um staðsetningu Reykjavíkflugvallar í Vatnsmýrinni sem taki mið af þeirri staðreynd að stór hluti landsmanna þarf að sækja nauðsynlega þjónustu til höfuðborgarinnar með flugsamgöngum, m.a. heilbrigðisþjónustu.

Hefja verður framkvæmdir við uppbyggingu samgöngumiðstöðvar við Reykjavíkflugvöll til að tryggja samþættingu allra samgangna innanlands.

Samþykkt samhljóða.

Hafnir

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 leggur áherslu á að haldið verði áfram að styrkja hafnarframkvæmdir í samræmi við 24. gr. hafnarlaga og tryggðar verði auknar fjárveitingar til Hafnabótasjóðs. Sérstök áhersla verði lögð á að treysta hlutverk ferjuhafnarinnar á Seyðisfirði sem landamæragáttar að áfangastaðnum Austurlandi.

Samþykkt samhljóða.

Umhverfismál

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 ítrekar nauðsyn þess að aðildarsveitarfélögin hugi að sameiginlegum áherslum í umhverfismálum m.a. hvað varðar svæðisáætlun um meðferð úrgangs og friðlýsingu svæða sem til þess eru fallin. Brýnt er að ríkisvaldið leggi til mun meiri fjármuni til uppbyggingar á friðlýstum svæðum, þannig að sveitarfélög sjái sér í ríkara mæli hag í því að taka að sér umsjá og rekstur slíkra svæða. Samhliða friðlýsingu er mikilvægt að vinna verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir

slík svæði svo þau séu í stakk búin til að taka við auknum ferðamannastraumi og ágangi. Þá er skorað á Umhverfisstofnun að tryggja aukna landvörslu á friðlýstum svæðum á Austurlandi.

Samþykkt samhljóða.

Fráveitur

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 telur brýnt að umhverfis- og auðlindaráðherra ljúki endurskoðun reglugerðar um fráveitur sem allra fyrst. Þá hvetur fundurinn Samband sveitarfélaga til að taka upp viðræður við ríkisvaldið um leiðir til að ljúka frágangi á fráveitum með fullnægjandi hætti, svo sem með því að fella niður virðisaukaskatt af fráveituframkvæmdum sveitarfélaga og auknum fjárveitingum frá ríkisvaldinu.

Samþykkt samhljóða.

Loftgæði

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 telur mikilvægt vegna aukinnar umferðar flutninga- og skemmtiferðaskipa í hafnir landsins að stjórnvöld flýti vinnu sem miðar að því að tryggja bestu mögulegu loftgæði í íslenskum höfnum og lögsögu.

Mikilvægt er að orkustefna stjórnvalda styðji við atvinnu- og byggðastefnu í landinu og að jafnræðis sé gætt á milli landshluta varðandi innviði orkukerfisins. Hafa skal landshlutasamtök með í ráðum við gerð loftslagsáætlunar.

Samþykkt samhljóða.

Ofanflóðavarnir

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 ítrekar mikilvægi þess að ríkisvaldið heimili fjármögnun framkvæmda sem tengjast ofanflóðavörnum í samræmi við áætlanir Ofanflóðasjóðs og sveitarfélaga enda er fjármagn fyrir hendi í Ofanflóðasjóði. Sérstaklega er mikilvægt að haldið verði áfram með þá áfanga sem þegar eru á áætlun svo og undirbúning frekari framkvæmda. Fundurinn skorar á yfirvöld að endurskoða áhættumat að loknum framkvæmdum á ofanflóðavörnum á byggð neðan slíkra varna.

Breytingartillaga frá Heimi Gylfasyni samþykkt samhljóða. Tillagan með framkominni breytingartillögu borin upp og samþykkt samhljóða.

Skipulag haf- og strandsvæða

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 leggur áherslu á að tryggja sveitarfélögum skipulagsvald strandsvæða. Þó svo stigið hafi verið það skref í skipulagsmálum haf- og strandsvæða að stofna til Svæðisráðs telur fundurinn að skipulag fjarðanna eigi að vera á forræði sveitarfélaga rétt eins og önnur landsvæði innan sveitarfélagamarka.

Samþykkt samhljóða.

Stjórn vatnamála

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á ríkisvaldið að tryggja með öflugum fjárframlögum að unnt verði að halda áfram vinnu við innleiðingu laga um stjórn vatnamála og eftirfylgni alþjóðasamninga með hagsmuni náttúrunnar og atvinnulífs að leiðarljósi.

Samþykkt samhljóða.

Refa- og minkaveiðar

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á ríkisvaldið að leggja aukið fjármagn til sveitarfélaga vegna nauðsynlegra refa- og minkaveiða. Kostnaður vegna veiðanna leggst mjög misþungt á sveitarfélög og oft fellur mikill kostnaður á fámenn en landstór sveitarfélög. Mikilvægt er að samræma greiðslur til veiðimanna innan landshlutans. Fundurinn telur endurgreiðslur á virðisaukaskatti til sveitarfélaganna vegna veiðanna verði að koma til framkvæmda eigi síðar en um komandi áramót.

Samþykkt samhljóða.

Allsherjar - og samstarfsnefnd

Björn Ingimarsson, formaður allsherjar- og samstarfsnefndar kynnti ályktanir nefndarinnar og þakkaði nefndarmönnum gott samstarf.

Jens Garðar ræddi byggðatengingu skattkerfisins og lýsti því yfir að hann væri andvígur því að krefjast þess að við greiðum lægri skatta á landsbyggðinni.



Hann taldi upp ýmis forréttindi sem fylgja búsetu á Austurlandi og taldi því fylgja mikil lífsgæði. Hann ætlar ekki að leggja til að þetta verði tekið út en vill lýsa andstöðu sinni við hugmyndafræðina sem að baki liggur.

Jón Björn Hákonarson taldi nauðsynlegt að styðja við niðurstöður nefndarinnar varðandi byggðatengingu skattkerfisins og færði ýmis rök fyrir af hverju væri eðlilegt að gera kröfur um aukna hlutdeild landsbyggðarinnar í samneyslunni.

Jens Garðar ræddi verðmun á húsnæði í Reykjavík og úti á landi. Hvatti hann menn til að berjast fyrir því að hér byggju menn við sömu aðstöðu og aðrir landsmenn, en ekki fyrir skattaafslætti.

Allar tillögur allsherjar- og samstarfsnefndar barnar upp í heild og samþykktar án móttakvæða.

Málefni aldraðra

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á ráðherra velferðarmála að vinna náið með sveitarfélögum að skipulagi þjónustu við aldraða. Málefni aldraðra verða sífellt umfangsmeiri, öldruðum fer fjölgandi og er umsjón þess málaflokks að mörgu leyti best komin í höndum sveitarfélaganna, að því gefnu að honum fylgi nægt fé. Hér er um mikilvæga nærþjónustu að ræða, mikil skörun er í núverandi þjónustu og mikilvægt að samfella sé í henni á vegum ríkis og sveitarfélaga. Grundvallaratriði er að ábyrgð hlutaðeigandi sé skýr, nægt fjármagn fylgi verkefnum og kröfur um þjónustu séu kostnaðarmetnar fyrirfram.

Jafnframt skorar fundurinn á stjórnvöld og Samband íslenskra sveitarfélaga að vinna að eflingu þjónustu sem veitt er í heimahúsum með samhæfingu félagsþjónustu og heimahjúkrunar auk dagþjónustu og að fjármagn verði tryggt til verkefnisins.

Aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Fljótshálfhéraði 7. og 8. september 2018 fagnar þeim skrefum sem tekin hafa verið af hálfu HSA í geðheilbrigðismálum á árinu. Engu að síður blasir við að mikið fjármagn vantar í þennan málaflokk, en lýðheilsu-

vísar Landlæknis benda til þess að staða geðheilbrigðismála á Austurlandi sé mjög alvarleg. Bæta þarf samvinnu sveitarfélaga á svæðinu og HSA með það að leiðarljósi að íbúar sem á þjónustu þurfa að halda fái úrlausn sinna mála. Tryggja þarf að kostnaður við heimsóknir til sjálfstætt starfandi sálfræðinga sé sambærilegur og hjá öðrum sérfræðingum heilbrigðiskerfisins. Fundurinn fagnar þeirri áherslu sem aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu hefur í nýrri byggðaaætlun og hvetur hið opinbera að flýta sem kostur er vinnu við þetta mikilvæga verkefni.

Verkaskipting heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og eftirlitsstofnana á vegum ríkisins

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á ríkisvaldið að marka þá stefnu að Umhverfisstofnun og Matvælastofnun verði breytt í stjórnsýslustofnanir og dregið úr eftirlitshlutverki þeirra. Heilbrigðiseftirliti verði falið sem mest af eftirlitsverkefnum á grunni reglugerða og leiðbeininga. Heilbrigðisfulltrúar eru sérfræðingar í eftirliti og geta sinnt eftirlitsverkefnum í nærumhverfi sínu á hagkvæman hátt. Stjórnvöld þurfa að nýta betur mannauð og aðstöðu sem er til staðar í landshlutanum í stað þess að senda starfsmenn landshorna á milli með ærnum tilkostnaði frá miðlægum stofnunum. Fundurinn mótmælir harðlega þessari meðferð fjármuna og minnir á að í nýrri byggðaaætlun er gert ráð fyrir að hið opinbera hugi að dreifingu starfa á sínum vegum.

Efling heilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á yfirvöld velferðar- og fjármála, Alþingi og ríkisstjórn Íslands að efla þá heilbrigðisþjónustu sem nú er veitt í landshlutanum og að bætt verði úr þar sem þjónusta er ekki viðunandi. Í því samhengi er einkar mikilvægt að leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

- Umdæmissjúkrahús Austurlands verði eflt og geti sinnt bráða-, sérfræði- og fæðingarþjónustu allan ársins hring.
- Heilsugæsla í nærumhverfi verði tryggð enda er hún einn mikilvægasti grunnþáttur í þjónustu við íbúa, ekki síst á jaðarsvæðum, þar sem samgöngur eru erfiðar. Lögð verði sérstök áhersla á eflingu frumgreininga í bráðatilvikum.

c) Efla þarf verulega þjónustu sem veitt er í heimahúsum með aukinni þjónustu félagsþjónustunnar sem og heimahjúkrunar auk dagþjónustu. Leita þarf sérstakra leiða til að mæta þörfum einstaklinga og stuðla að því að þeir geti sem lengst búið á heimaslóðum.

d) Afar brýnt er að fjármagn til reksturs hjúkrunarrýma taki mið af rekstri þeirra. Rekstur margra hjúkrunarrýma er erfiður og framtíð þeirra því í uppnámi. Þá er jafnframt mikilvægt að tryggja fjármagn til byggingar nýrra hjúkrunarrýma þar sem þeirra er þörf og breytinga á eldri hjúkrunarrýma til gildandi viðmiða.

e) Tryggja verður fjármagn í sjúkraflutninga á Austurlandi og taka tillit til landfræðilegra aðstæðna í landshlutanum.

f) Þá ítrekar fundurinn fyrri kröfur um að hluti þyrulusveitar landhelgisgæslunnar verði staðsettur á Egilsstaðaflugvelli, til að tryggja öryggi íbúa landshlutans.

Málefni einstaklinga með heilabilun

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á stjórnvöld og Samband íslenskra sveitarfélaga að vanda vel til verka við gerð heildstæðrar stefnu í málefnum einstaklinga með heilabilun. Þjónusta í héraði er mikilvæg því mikið álag getur verið á einstakling með heilabilun að þurfa að sækja greiningu og ráðgjöf um langan veg, ekki síst ef til vistunar kemur.

Lögreglustjóraembættið á Austurlandi og embætti Sýslumannsins á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á stjórnvöld að standa við fyrirheit um að efla hin nýju sýslumanns- og lögreglustjóraembætti með flutningi verkefna og tryggja þeim fjármagn til að sinna lögbundnu hlutverki sínu í þessum víðfeðma landshluta. Nefna má að umferð vex stöðugt, ferðamönnum fjölgar og um leið hefur umfang hálendisgæslu aukist. Fjármagn hefur ekki fylgt auknum umsvifum og nú er svo komið að sýslumannsembættið getur ekki mannað afgreiðslur sínar með viðunandi hætti og er það óásættanlegt.

Aðstaða lögreglunnar á Seyðisfirði

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 ítrekar fyrri áskoranir til dóms-

málaráðherra að sjá til þess að farið verði í byggingu lögreglustöðvar á Seyðisfirði. Fundurinn minnir á að á Seyðisfirði er landamærastöð og því mjög brýnt er að bæta aðstöðu lögreglunnar strax.

Tekjustofnar sveitarfélaga

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 telur mikilvægt að renna styrkari stoðum undir tekjustofna sveitarfélaga. Útgjöld þeirra hafa vaxið og verkefnum fjölgað, en tekjur ekki fylgt þeirri þróun. Nýjasta dæmið eru ný persónuverndarlög. Mikilvægt er að sveitarfélög fái aukna hlutdeild í heildarskatttekjum samfélagsins. Því beinir fundurinn því til stjórnvalda og Sambands íslenskra sveitarfélaga að flýta vinnu við að styrkja almennan tekjugrundvöll sveitarfélaga svo þau geti sinnt lögbundnu þjónustuhlutverki sínu. Þá njóti sveitarfélög tekna af nýtingu náttúruauðlinda, meðal annars með hlutdeild í veiðigjöldum og skatttekjum af orkuframleiðslu, dreifingu raforku og gjöldum á erlenda ferðamenn. Þá lítur aðalfundurinn svo á að í samræmi við stjórnarsáttmála komi gistináttgjald til sveitarfélaga þegar á næsta ári.

Stjórnsýsluleg staða landshlutasamtaka sveitarfélaganna

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 fagnar skipan nýs starfshóps um stjórnsýslulega stöðu landshlutasamtaka sveitarfélaga. Ljóst er að auknum verkefnum, sem landshlutasamtökunum hefur verið falið að sinna, fylgir mikil ábyrgð og því er nauðsynlegt að staða þeirra sé skýr. Fundurinn væntir þess að hópurinn skili tillögum sem fyrst.

Byggðatenging skattkerfisins

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 hvetur ríkisvaldið til að hefja vinnu við að aðlaga skattkerfið með byggðapróun í huga. Horft verði til sambærilegs fyrirkomulags erlendis t.d. í Noregi þar sem tekið er tillit til fjarlægða og þjónustustigs byggðanna.

Húsnæðismál

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 skorar á stjórnvöld að undirbúa aðgerðir í húsnæðismálum sem henta lands-



byggðunum betur en þær sem felast í núverandi húsnæðislöggjöf. Aðgerðirnar þurfa að vera sveigjanlegar og til þess fallnar að greiða fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í þeim landshlutum sem búa við skekktar forsendur vegna byggingarkostnaðar, markaðsverðs og fjármögnunar.

Skilgreining dreifbýlis og þéttbýlis

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 brýnir fyrir stjórnvöldum að bregðast við dreifbýlisskilgreiningu Rarik þannig að hún verði í samræmi við gildandi skipulag viðkomandi sveitarfélaga. Núverandi mörk dreifbýlisgjaldskrár Rarik virðast sett niður með tilviljanakenndum hætti og jafnræðis ekki gætt. Raforkulögin fela ekki í sér heimild til að telja skipulagt þéttbýli sem dreifbýli og fella undir dreifbýlisgjaldskrá, enda er það fyllilega eðlilegt að iðnaðarsvæði liggja fjarri íbúabyggð og sú aðstaða viðurkennd í þéttbýlisskilgreiningu Hagstofu Íslands. Og jafnframt hvetur fundurinn til þess að hið opinberra taki afstöðu til þess hvernig kostnaður við húshitun verði jafnaður með byggðasjónarmið í huga.

Þjóðgarðastofnun og málefni

Vatnajökulsþjóðgarðs

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 leggur áhersla á mikilvægi þess að áfram verði unnið að uppbyggingu Vatnajökulsþjóðgarðs í samræmi við þá stefnu sem lagt var upp með í upphafi og að stjórnsýsla þjóðgarðsins verði vistuð á starfssvæði hans. Hugmyndir að nýju fyrirkomulagi varðandi skipulag yfirstjórnar allra þjóðgarða á landsvísu mega ekki tefja þessa uppbyggingu. Jafnframt tekur fundurinn undir afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarps til laga um hina nýju Þjóðgarðastofnun.

Atvinnuþróunarsjóður

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 samþykkir að leggja niður Atvinnuþróunarsjóð Austurlands frá næstu áramótum og fela stjórn að ganga frá því að leysa sjóðinn upp og ráðstafa eigum hans ef einhverjar eru. Stjórn SSA hefur farið með stjórn sjóðsins síðustu þrjú ár. Atvinnuþróunarsjóður hefur einungis farið með tvö verkefni sem samþykkt voru af sveitarfélögunum á starfssvæði SSA til þriggja ára, markaðssetningu

Egilsstaðaflugvallar og fjárhagslega endurreisn Austurbrúar. Um komandi áramót eru þau þrjú ár liðin. Því er samþykkt að leysa upp sjóðinn enda breyttir tímar og fleiri möguleikar til að sækja um styrki til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar heldur en þegar til hans var stofnað í upphafi.

Stjórnunarfyrirkomulag SSA og samstarf við Austurbrú

Aðalfundur SSA haldinn á Hallormsstað 7. og 8. september 2018 felur stjórn SSA að hefja viðræður við hagaðila Austurbrúar um breytt fyrirkomulag á stjórnun SSA og Austurbrúar með það að leiðarljósi að ná fram sömu markmiðum um skilvirkni og ábyrgð og millipinganevnd hefur lagt upp með, svo sem að SSA og Austurbrú falli undir sömu stjórn. Skili slíkar viðræður tilætluðum árangri skal boða til aukaaðalfundar SSA eigi síðar en 31. janúar 2019 þar sem niðurstöður viðræðna verða lagðar fram til formlegrar afgreiðslu.

Skili slíkar viðræður ekki tilætlaðum árangri skal stjórn SSA framkvæma tillögur millipinganevndar sem fram koma í skýrslu nefndarinnar frá ágúst

2018. Tillögurnar fela í sér að ráða skuli starfsmann SSA og gera starfslýsingu fyrir hann, samþykka nýtt skipurit fyrir SSA og koma á föstu vinnulagi vegna samráðsfunda með framkvæmdastjóra Austurbrúar. Jafnframt felur aðalfundur stjórn að gera samninga við Austurbrú um skrifstofuhald og þau önnur verkefni sem Austurbrú eru falin fyrir milli-göngu SSA.

Laganefnd

Vilhjálmur Jónsson kynnti niðurstöður nefndarinnar í fjarveru formanns. Fundarstjóri stýrði afgreiðslu á ályktunum laganefndar og bar breytingartillögurnar upp hverja fyrir sig:

Breyting á 2. gr.
Samþykkt samhljóða.

Breyting á 5. gr.
Samþykkt samhljóða.

Breyting á 7. gr.
Samþykkt samhljóða.

Breyting á 8. gr.

Sá hluti breytingartillögunnar sem snýr að framkvæmdaráði SSA borinn undir atkvæði.
– Samþykkt samhljóða.

Breyting á 9. gr.

Samþykkt samhljóða.

Lögð fram tillaga um að í ljósi ályktunar fundarins um stjórnunarfyrirkomulag SSA og samstarf við Austurbrú verði tillögum 3, 5a og 7 vísað til næsta aðalfundar (aukaaðalfundar).

Skjal með innfærðum samþykktum breytingum er fylgiskjal með þessari fundargerð.

Kjörnefnd

Stefán Grímur Rafnsson, formaður kjörnefndar, kynnti tillögur nefndarinnar:

Stjórn SSA

7 aðalmenn og 7 til vara.

Norðursvæði

Aðalmenn:

Gunnar Jónsson, Fljótsdalshéraði
Hildur Þórisdóttir, Seyðisfirði
Sigríður Bragadóttir, Vopnafjarðarhreppi
Stefán Bogi Sveinsson, flakkari Fljótsdh.

Varamenn:

Berglind Harpa Svavarsdóttir, Fljótsdalshéraði
Jakob Sigurðsson, Borgarfjarðarhreppi
Stefán Grímur Rafnsson, Vopnafjarðarhreppi
Björg Björnsdóttir, flakkari-vara Fljótsdalshéraði

Suðursvæði

Aðalmenn:

Gauti Jóhannesson, Djúpavogshreppi
Einar Már Sigurðarson, Fjarðabyggð
Pálína Margeirsdóttir, Fjarðabyggð
Varamenn:

Þorbjörg Sandholt, Djúpavogshreppi
Eydís Ásbjörnsdóttir, Fjarðabyggð
Jón Björn Hákonarson, Fjarðabyggð

Skoðunarmenn reikninga

2 aðalmenn og 2 til vara.

Aðalmenn:

Þórunn Hálfðanardóttir
Gunnlaugur Guðjónsson

Til vara:

Ólafía Stefánsdóttir
Ómar Bogason

Endurskoðunarfyrirtæki

KPMG

Tillaga vegna kosningar aðalmanna í stjórn Atvinnuþróunarsjóðs Austurlands:

Lagt er til að stjórn SSA verði falin stjórn sjóðsins og framfylgi ákvörðun fundarins að sjóðurinn skuli lagður niður frá og með áramótum 2018-2019.

Stjórn Héraðsskjalasafns Austfirðinga

Fjarðabyggð: Anna Margrét Birgisdóttir

Til vara: Magni Þór Harðarson

Vopnafjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður,
Djúpivogur: Þorbjörg Sandholt

Til vara: Berglind Häsler

Fljótsdalur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur:

Helgi Bragason

Til vara: Jón Ólafur Sigurðsson

Samgöngunefnd SSA

Borgarfjörður eystri: Jakob Sigurðsson

Til vara: Helgi Hlynur Ásgrímsson

Djúpivogur: Þorbjörg Sandholt

Til vara: Kári Valtingojer

Fjarðabyggð: Eydís Ásbjörnsdóttir

Til vara: Jens Garðar Helgason

Fljótsdalshérað: Anna Alexandersdóttir

Til vara: Gunnhildur Ingvarsdóttir

Fljótsdalshreppur: Lárus Heiðarsson

Til vara: Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Seyðisfjörður: Elvar Snær Kristjánsson

Til vara: Hildur Þórisdóttir

Vopnafjörður: Teitur Helgason

Til vara: Björn Heiðar Sigurbjörnsson

Fundarstjóri bar tillögur kjörnefndar undir atkvæði.
Samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Næst tók til máls Jakob Sigurðsson oddviti Borgarfjarðarhrepps, sem þakkaði góðan fund og bauð Borgarfjörð fram sem fundarstað næsta aðalfundar SSA.

Sigrún Blöndal fráfarandi formaður tók til máls. Óskaði hún nýkjörnum fulltrúum í stjórn og nefndum SSA til hamingju með ný hlutverk og velfarnaðar í störfum sínum.

Færði hún svo Þráni og Heiðrúnu hótelhöldurum þakkir fyrir góðan viðurgjörning og aðstöðu fyrir þingið. Einnig þakkaði hún fundarstjórum og riturum fyrir þeirra störf. Hvatti hún til víðsýni í samstarfi og verkum kjörinna fulltrúa og þakkaði Jakobi fyrir gott boð.

Jens Garðar, varaformaður stjórnar, óskaði nýjum fulltrúum velfarnaðar. Einnig þakkaði hann Sigrúnu Blöndal fyrir störf hennar sem formaður SSA fyrir hönd annarra stjórnarmanna og bað fundarmenn að standa upp og klappa fyrir fráfarandi formanni.

Að því búnu var samþykkt tillaga fundarstjóra um að fundarriturum og fundarstjórum verði falið að ljúka frágangi fundargerðar fundarins.

Fundarstjóri sleit fundi kl. 13:15 og kallaði fulltrúa til myndatöku.

Fundargerð aukaaðalfundar

Aukaaðalfundur SSA haldinn á Hótel Héraði á Egilsstöðum þriðjudaginn 19. febrúar 2019.

Eftirtaldir fulltrúar sátu fundinn og fóru með atkvæði:

Fjarðabyggð (15)

Jón Björn Hákonarson
Pálína Margeirsdóttir
Hulda Sigrún Guðmundsdóttir
Ívar Dan Arnarsson
Eyðis Ásbjörnsdóttir
Sigurður Ólafsson
Valdimar Másson
Einar Már Sigurðarson
Birta Sæmundsdóttir
Magni Þór Harðarson
Jóhanna Sigfúsdóttir
Dýrunn Pála Skaftadóttir
Ragnar Sigurðsson
Arnór Stefánsson
Rúnar Már Gunnarsson

Fljótshálfshérað (11)

Anna Alexandersdóttir
Berglind Harpa Svavarsdóttir
Björg Björnsdóttir
Óðinn Gunnar Óðinsson
Guðlaugur Sæbjörnsson
Gunnar Jónsson
Gunnhildur Ingvarsdóttir
Hannes Karl Hilmarsson
Kristjana Sigurðardóttir
Stefán Bogi Sveinsson
Steinar Ingi Þorsteinsson

Borgarfjarðarhreppur (1)

Jón Þórðarson

Djúpavogshreppur (2)

Gauti Jóhannesson
Þorbjörg Sandholt

Fljótshálfshreppur (1)

Gunnþórunn Ingólfsdóttir

Seyðisfjarðarkaupstaður (3)

Hildur Þórisdóttir
Rúnar Gunnarsson
Elvar Snær Kristjánsson

Vopnafjarðarhreppur (3)

Sigríður Bragadóttir
Teitur Helgason
Stefán Grímur Rafnsson

Dagskrá

1. Stjórnarfyrikomulag SSA og samstarf við Austurbrú.

Einar Már Sigurðarson formaður SSA setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Skipaði hann síðan Jón Jónsson sem fundarstjóra og Stefán Bragason sem fundarritara. Bað hann svo Jón um að taka við stjórn fundarins, sem hann gerði.

Síðan var tekin fyrir skipan kjörbréfanefndar sem er þessi: Pálína Margeirsdóttir, Sigríður Bragadóttir og Guðlaugur Sæbjörnsson.

Pálína Margeirsdóttir tók nú til máls og kynnti nöfn þeirra sem skiluðu kjörbréfum og eru lögmatir fulltrúar fundarins (sjá skráningu hér að ofan).

Næst tók Einar Már Sigurðarson til máls og fór yfir samþykkt aðalfundar SSA frá síðasta hausti og það verkefni sem stjórn SSA var falið þar. Sagði hann frá störfum starfsháttanefndar Austurbrúar og vinnu stjórnar SSA með hagaðilum, sem mættu reyndar fáir á þessa vinnufundi. Rakti hann svo fundi starfsháttanefndar og stjórnar SSA og hvernig málsmeðferðin var, varðandi þá tillögu sem lögð er hér fyrir aukaaðalfundinn og er svohljóðandi:

Aukaaðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 19. febrúar 2019 samþykkir að gerðar verði eftir-

farandi breytingar á stjórnunarfyrikomulagi SSA og Austurbrúar.

- Sama sjö manna stjórn verði yfir SSA og Austurbrú að viðbættum tveimur fulltrúum hagaðila í stjórn Austurbrúar. Auk þess verði starfandi framkvæmdaráð Austurbrúar.
- Framkvæmdastjóri Austurbrúar gegni jafnframt skyldum framkvæmdastjóra SSA. Framkvæmdastjóri sitji fundi stjórnar SSA og beri ábyrgð á framkvæmd ákvarðana stjórnar en auk þess feli framkvæmdastjóri tilteknum starfsmanni Austurbrúar að halda að stærstum hluta utan um málefni SSA í sínu umboði, eiga samskipti við stjórnarformann/stjórn, taka við tölvupóstum, erindum og öðru þess háttar samkvæmt samningi. Nánari útfærsla verði ákveðin af stjórn.
- Formaður stjórnar SSA kemur fram í nafni SSA út á við meðal annars til að skýr greinarmunur sé gerður á landshlutasamtökunum og Austurbrú.
- Stjórn SSA telur æskilegt að starfshlutfall stjórnarformanns verði aukið en að sú ákvörðun verði tekin á aðalfundi í vor.

Aukaaðalfundur felur stjórn og framkvæmdaráði SSA að vinna að framkvæmd framangreindra breytinga í samstarfi við Austurbrú. Þær breytingar á samþykktum SSA sem leiða af framangreindum breytingum verði útfærðar af stjórn og lagðar fyrir næsta reglulega aðalfund SSA.

Kynnti Einar svo þá tillögu sem liggur fyrir fundinum og las hana fyrir fundarmenn.

Fundarstjóri gaf síðan orðið laust.

Fyrst tók til máls Björg Björnsdóttir. Fór hún yfir reynslu sína af starfi sem verkefnisstjóri sveitarstjórnarmála hjá SSA og nú síðustu mánuði sem kjörinn fulltrúi í sveitarstjórn. Einnig ferillinn að baki þeirri tillögu sem liggur nú fyrir og hvernig unnið hefur verið að málinu í samræmi við samþykkt aðalfunda SSA. Gagnrýndi hún slaka mætingu hagaðila á boðaðan fund og í framhaldinu að ekki hefði verið gerð frekari tilraun að hálfu stjórnar til að ná fram frekari viðræðum við þá.

Rifjaði hún svo upp markmið millipinganefndar sem nefndin lagði fram á sínum tíma. Einnig fór hún í gegn um fyrirbyggjandi tillögu og gagnrýndi margt sem þar kemur fram, ekki síst það stjórnunarfyrikomulag sem þar er gert ráð fyrir.

Las hún svo og kynnti frávísunartillögu sína á framlagða tillögu stjórnar SSA og tillögu um að byggja á starfi millipinganefndarinnar.

Stefán Bogi Sveinsson tók til máls um fundarsköp og taldi rétt að fjalla fyrst um frávísunartillöguna. Var orðið gefið laust um frávísunartillöguna.

Stefán Bogi Sveinsson tók til máls og hvatti menn til að fella frávísunartillöguna.

Einar Már Sigurðarson ræddi einnig frávísunartillöguna og tók undir orð Stefáns Boga.

Frávísunartillagan svo borin upp af fundarstjóra. Frávísunartillagan var felld með þorra atkvæða, en 9 fulltrúar greiddu henni atkvæði.

Næstur tók til máls Stefán Bogi Sveinsson og ræddi hann það vandamál sem var undanfari þess að millipinganefnd var skipuð. Einnig afgreiðslu aðalfundar SSA á Hallormsstað og síðan vinnuna við gerð fyrirbyggjandi tillögu og hvernig þeirri vinnu var háttað. Einnig aðkomu hagaðila að þessari vinnu og að ekki hafa komið fram nein mótmæli af þeirra hálfu við það fyrikomulag sem tillagan gerir ráð fyrir. Taldi hann mikla þörf á því að ná fram meiri sameiningu í vinnu manna fyrir fjórðunginn.

Stefán Grímur Rafnsson tók til máls og ræddi tillöguna og spurði um nokkur atriði varðandi fyrirbyggjandi tillögu og hvort lögmennt og endurskoðendur hefðu farið yfir þá ferla sem tillagan gerir ráð fyrir.

Einar Már tók næst til máls og svaraði ýmsum fyrirspurnum sem borist höfðu frá fundarmönnum. Einnig fór hann yfir störf millipinganefndar, sem hann sat í og ræddi svo hlutverk sveitarstjórnarmanna og hlutverk þeirra að taka ákvarðanir. Hann ræddi svo samspil SSA og Austurbrúar miðað við fyrirbyggjandi tillögu og einnig það ferli sem fram undan er, verði tillagan samþykkt. Nefndi hann þar

bæði fund Austurbrúar nú síðar í dag og aðalfund SSA í vor.

Fundarstjóri las svo og kynnti breytingartillögu Bjargar Björnsdóttur svohljóðandi:

Í ljósi þess að viðræður við hagaðila Austurbrúar hafa ekki skilað tilætluðum árangri og tillagan nær ekki sömu marmiðum um skilvirkni og ábyrgð og millipinganevnd lagði upp með, er stjórn SSA falið að framkvæma tillögur millipinganevndar sem fram koma í ályktun aðalfundar SSA frá því í september 2018.

Tillögurnar fela í sér að ráða skuli starfsmann SSA og gera starfslýsingu fyrir hann, samþykkja nýtt skipurit fyrir SSA og koma á föstu vinnulagi vegna samráðsfunda með framkvæmdastjóra Austurbrúar.

Jafnframt felur aðalfundur stjórn að gera samninga við Austurbrú um skrifstofuhald og þau önnur verkefni sem Austurbrú eru falin fyrir milligöngu SSA.

Næstur tók til máls Elvar Snær Kristjánsson. Taldi hann að fundarmenn þyrftu að meta vel þá þætti sem komu fram í gagnrýni Bjargar Björnsdóttir á fyrirbyggjandi tillögu. Sagði hann hæpið að túlka þögn hagaðila sem samþykki. Lagði hann til að hafna fyrirbyggjandi tillögu, en samþykkja tillögu millipinganevndar.

Björg Björnsdóttir tók til máls og ítrekaði spurningu Stefáns Gríms, varðandi álit frá lögfræðingi og endurskoðenda á fyrirkomulag fyrirbyggjandi tillögu.

Stefán Bogi Sveinsson, ræddi málsmeðferð framlagðrar tillögu og bar hana saman við umfjöllun á tillögu millipinganevndar á sínum tíma. Einnig fór hann yfir nokkur atriði sem komu fram hjá öðrum fundarmönnum. Sagði hann að sjálfur væri hann lögfræðingur og að sitt mat væri byggt á þeirri þekkingu.

Fundarstjóri fór yfir afgreiðslu á tillögu Bjargar í ljósi sjónarmiða um að efnislega fæli samþykki hennar í sér sambærilega stöðu og ef aðaltillaga

fundarins yrði felld. Í ljósi þess kynnti Björg að hún dragi tillögu til baka, þar sem efnislega kemur innihald hennar fram í fyrirbyggjandi ferli, verði tillaga SSA felld.

Einar Már þakkaði Björgu fyrir að einfalda málin með því að draga tillöguna til baka. Hann fagnaði því að með atkvæðagreiðslu verði málið klárað, þó vissulega væri slæmt að ekki væri full samstaða um málið.

Fundarstjóri bar nú upp tillögu stjórnar.

Tillagan var samþykkt með þorra greiddra atkvæða, en 6 greiddu atkvæði á móti henni.

Formaður tók næst til máls, þakkaði fundarmönnum fyrir góðan fund, þakkaði starfsmönnum fyrir þeirra störf og sleit síðan fundi.

Fundi slitið kl. 14:20.

Í samræmi við venju er fundargerð frágengin af fundarritara og fundarstjóra.



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Ársreikningur 2018

Samband sveitarfélaga á Austurlandi
Tjarnarbætur 38a
700 Egilsstaðir

Kt. 660276-0288

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun skoðunarmanna	4
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	6
Efnahegsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Sambands sveitarfélaga á Austurlandi að í ársreikningnum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2018.

Rekstrarniðurstaða ársins var jákvæð á árinu 2018 að fjárhæð 3,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok var jákvætt sem nam 12,0 millj. kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga og Austurlandi staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Egilsstöðum, 29. apríl 2019

Stjórn:

Einar Már Sigurðarson
Gunnar Jónsson
Hildur Þórisdóttir
Gauti Jóhannesson
Pálina Margeirsdóttir
Stefán Bogi Sveinsson
Sigríður Bragadóttir

Framkvæmdastjóri:

Jóna Árný Þórðardóttir

Áritun skoðunarmanna

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2018. Við leggjum til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Egilsstöðum, 29. apríl 2019

Gunnlaugur Guðjónsson
Ómar Bogason

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Sambands sveitarfélaga á Austurlandi fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilæðferðir og aðrar skýringar.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400 um könnun ársreikninga. Könnun ársreikninga í samræmi við ISRE 2400 felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki vist að við faum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi létum við ekki í ljós allt á ársreikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2018, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara við ofangreinda ályktun okkar þá vekjum við athygli á skýringu 6 í ársreikningi þar sem fjallað er um skaðabótakröfu á hendur sambandinu vegna lögbannskröfu og mögulegar fjárhagslegar afleiðingar vegna þessa en óvissa ríkir um endanlega niðurstöðu málsins.

Egilsstöðum, 29. apríl 2019

KPMG ehf.

Magnús Jónsson

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	2018	Áætlun 2018	2017
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga		26.076.464	26.076.463	24.618.869
Önnur rekstrarframlög		180.027.913	172.072.403	167.626.722
Aðrar tekjur		76.038.987	77.699.866	79.443.697
	1b	<u>281.143.364</u>	<u>276.748.721</u>	<u>261.688.178</u>
Rekstrargjöld:				
Verkefnastjórn, nefndarlaun og greiðslur til Brúar lífeyrissjóðs		20.847.402	21.691.181	20.493.479
Lífeyrisskuldbinding, breyting	3	6.816.160	4.009.000	6.711.869
Annar stjórnunarkostnaður		4.127.763	4.463.000	6.416.696
Funda- og ferðakostnaður		6.462.967	9.300.000	6.286.841
Sérverkefni, beinn kostnaður		241.283.804	236.169.448	220.631.726
	1c	<u>278.638.076</u>	<u>276.622.629</u>	<u>269.440.609</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		2.606.288	126.092	2.147.669
Vaxtatekjur		1.193.878	0	1.619.609
Vaxtagjöld		(14.080)	0	(2.361)
		<u>1.179.798</u>	<u>0</u>	<u>1.617.248</u>
Rekstrarafgangur	2	<u>3.786.086</u>	<u>126.092</u>	<u>3.664.917</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir		Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir:				
Áhættufjármunir:				
Eignarhlutur í SV Aust ehf.	1e		666.000	666.000
Fyrirframgreiddur kostnaður	4		6.026.031	0
			<u>6.691.031</u>	<u>666.000</u>
Fastafjármunir			6.691.031	666.000
Veltufjármunir:				
Skammtímakröfur:				
Krafa vegna lögbanna	6		7.000.000	7.000.000
Fyrirframgreiddur kostnaður	4		193.107	0
Aðrar skammtímakröfur			21.480.901	26.130.609
Handbært fé.....	1f		141.996.607	101.291.168
Veltufjármunir			170.669.616	133.421.677
Eignir samtals			176.360.646	134.086.677
Eigið fé og skuldir				
Eigið fé:				
Eiginfjárreikningur	2		12.001.267	8.216.171
Skuldbindingar:				
Lífeyrisskuldbinding	3		79.178.611	78.296.779
			<u>79.178.611</u>	<u>78.296.779</u>
Skammtímaskuldir:				
Fyrirframinnheimtar tekjur			14.000.000	0
Ogreiddur rekstrarkostnaður			46.969.628	34.617.727
Ogreitt vegna uppbyggingarsjóðs			24.221.260	13.066.000
			<u>86.180.778</u>	<u>47.673.727</u>
Skuldir samtals			164.369.389	126.870.606
Eigið fé og skuldir samtals			176.360.646	134.086.677

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarefngangur ársins.....	2	3.786.086	3.664.917
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	3	881.832	2.193.361
Veltufé frá rekstri		4.666.918	6.868.278
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Fyrirframgreiddur kostnaður, breyting.....	(6.026.031)	0
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		3.466.601	(11.614.134)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting.....		14.000.000	0
Skammtímaskuldir, hækkun		23.607.061	11.063.736
Samtals		36.037.621	(660.399)
Handbært fé frá rekstri		40.704.439	6.307.879
Hækkun á handbæru fé		40.704.439	6.307.879
Handbært fé í ársbyrjun		101.291.168	96.983.289
Handbært fé í árslok		141.996.607	101.291.168

Skýringar

1. Reikningsáskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samnæmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningskilum og er gerður eftir sömu reikningsáskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur vegna framlaga aðildarfélaga samlagsins er færð miðað við samþykktar fjárveitingar. Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

c. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

d. Eignarhlutur í félagi

Eignarhlutur í Sv Aust er færður á kostnaðarverði, nafnverð í árslok nam 0,6 millj. kr.

e. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs vegna uppgjors A-deilda á árinu 2018 er færð til eignar og eru framlag í lífeyrisaukasjóðs gjaldfært á 30 árum en framlag í varðarsjóð á 20 árum til samnæmis við ákvæði reglugerðar nr. 1212/2016.

f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár

g. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun samlagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og birt sem samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

2. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Eigið fé
Eigið fé 1.1.2018	8.216.171
Rekstrarafgangur ársins	3.786.086
Eigið fé 31.12.2018	<u>12.001.257</u>

3. Lífeyrisskuldbindingar

Á SSA hvílir skuldbinding vegna lífeyrissgreiðslna til fyrrverandi starfsmanna. Hækkun ársins á lífeyrisréttindum, sem byggð er á útreikningi tryggingarstærðfræðings, er færð í rekstrarreikning og til hækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Greiddur lífeyrir er færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Breyting lífeyrisskuldbindingar greinist þennig:

Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun	78.296.779
Hækkun lífeyrisskuldbindingar á árinu	6.816.160
Greiddur lífeyrir á árinu	(4.934.318)
Lífeyrisskuldbinding í árslok	<u>79.178.611</u>

Skýringar, frh.:

4. Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deilda

Þann 19. september 2016 gerðu Bandalag háskólamanna, BSRB og Kennarasamband Íslands, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs og Samband íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, með sér samkomulag um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Markmið samkomulagsins var að samnæma lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði, að aldurstenging réttinda yrði grundvallarregla kerfisins og að lífeyristökualdur skyldi hækkaður til að stuðla að sjálfbærni kerfisins. Meðal breytinga sem samkomulagið tók var að ávinnsla lífeyrisréttinda í A-deildum LSR og Brúar yrði aldurstengd en ekki jöfn og lífeyristökualdur skyldi hækkaður úr 66 árum í 67 ár. Við framangreindar breytingar skyldu réttindi virkra sjóðfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af helðu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi óðlast gjaldi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.

Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðisákvæði við reglugerð nr. 1212/2016 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjors.

Í lok janúar 2018 samþykkti stjórn Sambands sveitarfélaga á Austurlandi uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í kjölfarið. Uppgjörð miðaði við tryggingafraeðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nemur heildarframlagið 6,1 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varðarsjóð.

Skiptingin er eftirfarandi:

- 0,6 millj. kr. framlag í jafnvægisjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi - Gjaldfært að fullu á árinu 2017.

- 6,0 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóð til þess að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka - gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.

- 0,6 millj. kr. framlag í varðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð - gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Greiddsla heildarframlaga átti sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sambandið uppgjörið að fullu með handbæru fé á móti færðum lífeyrisaukum vegna framlaga í lífeyrisaukasjóðs og varðarsjóð að fjárhæð 6,4 millj. kr.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2019 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal factafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjorsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Skýringar, frh.:

Samkomulag við Brú Lífeyrissjóð vegna A-deildar, frh.:

Gjaldfærslur vegna uppgjörins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árunum 2017 og 2018:

	Jafnvægis- sjóður	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðar sjóður	Samtals
A hluti				
Gjaldfært á árinu 2017.....	(687.764)	(96.994)	(16.662)	(700.400)
Skuld við Brú Lífeyrissjóð 31.12.2017.....	(687.764)	(96.994)	(16.662)	(700.400)
Uppgjör við Brú Lífeyrissjóð.....	687.764	4.988.241	636.660	6.112.645
Gjaldfært á árinu 2018.....	0	(166.276)	(26.833)	(193.107)
Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2018.....	0	4.724.973	494.166	6.219.138

Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi:

Næsta árs gjaldf., færð meðal veltufjármuna.....	0	166.276	26.833	193.107
Langtímahluti fyrirframgreiðslu.....	0	4.668.698	467.333	6.026.031
Samtals í efnahagsreikningi.....	0	4.724.973	494.166	6.219.138

5. Skaðabótakrafa vegna lögbanna

18. júlí 2012 fór SSA fram á lögbann vegna reglubundinna folkflutninga Sternu á leiðinni milli Hafnar og Egilsstaða, þar sem SSA taldi sig hafa sérleyfi á þessari leið. Lögbanninu var hnekk með dómi Héraðsdóms 6. maí 2013.

Málinu var afnýjað til Hæstaréttar sem úrskurðaði þann 28. nóvember 2013 Sternu í vil. Sterna höfðaði þann 18. mars 2014 skaðabótamál á hendur SSA og krafist bóta að fjárhæð 476 millj. kr. Í framhaldinu stefndi SSA Vegagerðinni inn í málið.

Í janúar 2016 skilaði dómkvæddur matsmaður niðurstöðu sinni og var hún hærri en bótakrafa stefnanda og framhaldsstefndi Sterna þá og hækkaði kröfur sínar til samnæmis við niðurstöðu matsmanns og nemur dómkröfu nú 689 millj. kr.

Í framhaldinu var gerð krafa um að matsmanni yrði gert að endurskoða og endurmeta matsgerð sína og í mars 2017 voru skipaðir yfirmatsmenn, til að svara spurningum sem gagnadælli setti fram í matsgerð á sínum tíma, og undirmatsmaður, til að svara nýjum spurningum SSA. Yfirmatsgerð var klárað í ágúst 2017 og var niðurstaðan að skaðbætur skyldu nema 64 millj. kr.

Í ágúst 2018 óskaði Sterna eftir yfirmati og er gert ráð fyrir að vinnu við það ljúki á haustmánuðum 2019 og í framhaldinu verði málið flutt fyrir Héraðsdómi. Niðurstaða hans gæti legið fyrir voríð 2020.

Það er mat stjórnenda að veruleg óvissa sé um endanlega niðurstöðu málsins en telja að meiri líkur en minni sé á því að dómur falli SSA í vil og því er ekki færð upp skuldbinding til að mæta hugsanlegum skaðabótum. Það er þó ljóst að falli dómur Sternu í vil er veruleg óvissa um rekstrarhæfi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.

Þær 7,0 millj. kr. sem SSA lagði fram sem tryggingu fyrir hugsanlegu tjóni Sternu er færðar meðal krafna í ársreikningi.

Sundurliðanir

	Almennur rekstur	Sóknaráætlun	Almennings- samgöngur	Svæðis- skípuag	Byggðaráætlun	Samtals
Rekstrartekjur	46.012.821	140.091.556	67.038.987	8.000.000	20.000.000	281.143.364
	46.012.821	140.091.556	67.038.987	8.000.000	20.000.000	281.143.364
Verkefnastjórn, nefndarlausn	20.847.402	0	0	0	0	20.847.402
Lífeyriskuldbinding, brýting	5.816.150	0	0	0	0	5.816.150
Annar stjórnunarkostnaður	4.127.763	0	0	0	0	4.127.763
Funda- og ferðakostnaður	6.462.957	0	0	0	0	6.462.957
Sérverkefni, beinn kostnaður	1.122.789	137.851.908	66.218.773	16.090.334	20.000.000	241.283.804
	38.377.061	137.851.908	66.218.773	16.090.334	20.000.000	278.538.076
Fjármunatekjur	1.063.682	4.300	125.896	0	0	1.193.878
Fjármagnsgjöld	(14.076)	(4)	0	0	0	(14.080)
	1.049.606	4.296	125.896	0	0	1.179.798
Rekstrarafkoma (-hæli) á árinu	8.685.366	2.243.944	946.110	(8.090.334)	0	3.785.086

Sundurliðanir

	Ársreikningur 2018	Fjárhags- áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Framlög sveitarfélaga			
Framlög sveitarfélaga	13.376.464	13.376.463	11.818.869
Framlög sveitarfélaga v/sóknaráætlun	12.700.000	12.700.000	12.700.000
	26.076.464	26.076.463	24.518.869
Framlög ríkis og jöfnunarsjóðs			
Ríkið v/sóknaráætlun	122.240.303	139.044.627	122.390.303
Framlög Jöfnunarsjóðs bundið framlag	32.636.367	28.427.876	30.626.403
Ríkið v/byggðaaætlun	20.000.000	0	0
Framlög frá Jöfnunarsjóði vegna sóknaráætlunar	6.161.263	4.600.000	4.609.016
	180.027.913	172.072.403	167.626.722
Aðrar tekjur og framlög			
Framlög vegna almenningsamgangna	67.038.987	66.699.866	68.266.364
Svæðisskipulag, tekjufært framlag	8.000.000	12.000.000	11.088.802
Endurgr. landshlutsamtök sveitarfélaga	0	0	98.441
	75.038.987	77.699.866	79.443.607
Verkefnastjórn, nefndarlaun			
Verkefnastjórn sveitarstjórnarmála	10.726.964	14.423.996	9.190.260
Laun stjórnar, formanns og nefnda	8.326.048	6.017.686	8.863.621
Motframlag í lífeyrissjóð	809.616	686.216	873.328
Tryggingagjald	782.026	664.167	903.383
Gjaldfært vegna Broar lífeyrissjóðs	193.107	0	700.400
Starfsmannatryggingar og stéttarfélagsgjöld	11.742	9.227	(27.613)
	20.847.402	21.691.181	20.493.479
Lífeyrisskuldbinding, breyting			
Eftirlaun til lífeyrissjóða	4.934.318	4.009.000	4.618.608
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	881.832	0	2.193.361
	5.816.150	4.009.000	6.711.869
Annar stjórnunarkostnaður			
Könnun ársreikning og reikningskiljónusta	1.473.648	1.600.000	2.267.166
Þjónusta Austurbrúar og reikningskil	1.617.600	1.600.000	1.868.410
Samningur við N4	400.000	440.000	400.000
Auglýsingar	226.369	260.000	400.387
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	189.846	110.000	222.797
Sími	98.487	110.000	187.026
Heimasíða	42.664	30.000	29.788
Gjafir	38.922	60.000	0
Þjónustugjöld banka	26.918	18.000	20.639
Pappir, prentun og ritföng	13.620	100.000	2.390
Tímarit og fræðibækur	0	26.000	27.992
Gjaldfærð ehöld og tæki	0	60.000	0
Annar kostnaður	0	70.000	0
	4.127.763	4.463.000	6.416.696
Funda- og ferðakostnaður			
Aðalfundur	2.860.422	2.600.000	1.993.611
Akstur vegna nefndastarfs	2.091.320	4.100.000	2.028.400
Annar ferða- og fundakostnaður	1.004.718	2.000.000	1.849.446
Stjórnarfundir	228.397	300.000	302.986
Samstarf Landshlutasamtaka	278.100	260.000	112.600
Ræðstefnur o.fl.	0	160.000	0
	6.462.967	9.300.000	6.286.841

Sundurliðanir frh.

	Ársreikningur 2018	Fjárhags- áætlun 2018	Ársreikningur 2017
Sérverkefni, beinn kostnaður			
Sóknaráætlun:			
Uppbyggingarsjóður Austurlands	66.698.600	66.600.000	68.600.000
Áhersluverkefni	40.200.000	64.200.000	47.246.776
Menningarmiðstöðvar	16.200.000	10.800.000	10.800.000
Miðstöð menningarfræða og Breiðdalssetur	12.800.000	12.800.000	12.800.000
Uppbyggingarsjóður umsýsla	7.000.000	7.000.000	7.000.000
Annar rekstur	3.669.224	3.740.628	2.801.029
Nefndar- og ferðakostnaður	1.494.184	869.327	1.266.443
	137.861.908	144.899.966	140.402.248
Almenningsamgöngur:			
Rekstur almenningsamgangna	62.926.783	66.706.386	47.720.347
Stjórnun og umsýsla	1.607.916	1.708.436	1.606.141
Lögfræði- og málskostnaður	811.330	4.000.000	16.174.974
Annar kostnaður	873.746	3.232.672	2.261.314
	66.218.773	66.646.493	66.662.776
Svæðisskipulag:			
Verkefnastjórnun og nefndarkostnaður	16.610.486	24.000.000	10.632.371
Annar rekstrarkostnaður	479.848	0	2.284.330
	16.090.334	24.000.000	12.816.701
Byggðaaætlun:			
Styrkir vegna byggðaaætlun	20.000.000	0	0
Annað:			
Ljósmyndasafn Austurlands	872.789	873.000	400.000
Menningarverðlaun SSA	260.000	260.000	260.000
Annar kostnaður	0	600.000	0
	1.122.789	1.623.000	660.000
Sérverkefni, beinn kostnaður samtals	241.283.804	236.169.448	220.631.726

Heiðursgestur

Heiðursgestur aðalfundar SSA 2018 er Broddi Bjarnason, fyrrverandi bæjarfulltrúi á Egilsstöðum og síðar Austur-Héraði.

Broddi varð bæjarfulltrúi á Egilsstöðum árið 1986 og hafði áður verið á lista Framsóknarflokksins til sveitarstjórnarkosninga. Hann leiddi lista Framsóknarflokksins í kosningum til bæjarstjórnar Egilsstaða 1994 og á Austur-Héraði 1998 en þá höfðu þrjú sveitarfélög á Mið-Austurlandi sameinast.

Broddi hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum og var m.a. formaður SSA á árunum 1995-1998. Auk þess hefur hann verið virkur í félagsmálum og þá ekki síst kórstarfi en hann er kórformaður Karlakórsins Drífanda.

Það er mikill fengur að fólki eins og Brodda Bjarnasyni sem sýnir samfélaginu sem hann býr í áhuga og sinnir verkefnum sem bæta það og styrkja. Hvort sem er á vettvangi sveitarstjórnar-

mála eða í söngnum hefur Broddi ávallt verið hress í bragði og drifið samverkafólk sitt áfram til góðra verka.

Stjórn SSA þakkar Brodda fyrir framlag hans til sveitarstjórnarmála á Austurlandi og óskar honum og eiginkonu hans, Guðrúnu Sóleyju Guðmundsdóttur, alls hins besta.

*Broddi Bjarnason
Mynd: Andrés Skúlason*



Menningarverðlaun

Að venju var óskað eftir tilnefningum til menningarverðlauna SSA en þau hafa verið veitt síðan 1999, einstaklingi eða stofnun á Austurlandi sem viðurkenning fyrir eftirtektarvert framtak á sviði lista og menningar. Hlutverk verðlaunanna er einnig að vera almenn hvatning til eflingar menningar- og listastarfs í landshlutanum. Stjórn og varastjórn SSA greiddi atkvæði um tilnefningarnar og niðurstaðan var að Breiðdalssetur hlýtur menningarverðlaun SSA árið 2018.

Breiðdalssetur opnaði árið 2008 en var svo formlega stofnað 2010. Þrjár grunnstoðir setursins eru jarðfræði, málvísindi og saga en þó er aðaláhersla lögð á jarðfræði í setrinu enda byggir það á arfleifð breska jarðfræðingsins George Walker, eins frægasta eldfjallafræðings heims á 20. öldinni. Walker rannsakaði austfirsku jarðlagastaflann í tíu sumur á árunum 1955-1965 með höfuðáherslu á Breiðdalseldstöð. Frá upphafi hefur safnið líka verið helgað minningu dr. Stefáns Einarssonar málvísindamanns.

Breiðdalssetur er staðsett í gamla kaupfélags-húsinu á Breiðdalsvík sem hefur verið gert upp og er afskaplega fallegt.

Í Breiðdalssetri eru sýningar og haldin hafa verið málþing, auk þess sem ýmsir menningarviðburðir hafa dregið að sér fjölda gesta.

Það er mikils virði fyrir hvaða samfélag sem er, hvort sem er lítið eða stórt, að þar þrífist menningar- og fræðslustarfsemi. Breiðdalssetur er gott dæmi um slíkt framtak þar sem byggt er utan um það sem fyrir er. Fyrir dugnað og áhuga heimamanna og bakhjarla hefur starfsemin vaxið og dafnað með árunum.

Hákoni Hanssýni, formann stjórnar Breiðdalsseturs, var afhent viðurkenningarskjal og ávísun upp á 250 þúsund krónur.

*Hákon Hansson, formaður stjórnar Breiðdalsseturs.
Mynd: Andrés Skúlason*





Samband sveitarfélaga á Austurlandi
Tjarnarbraut 39, 700 Egilsstaðir
470-3810 | ssa.is | ssa@ssa.is

